

REYKHÓLASKÓLI

---



---

ÁRSSKÝRSLA  
SKÓLAÁRIÐ 2015-2016

---

JÚNÍ 2016

ÁRSSKÝRSLA REYKHÓLASKÓLA SKÓLAÁRÍÐ 2015-2016  
JÚNÍ 2016

ÚTGEFANDI: REYKHÓLASKÓLI  
SKÓLABRAUT 1  
380 REYKHÓLAHREPPUR  
SÍMI 434 7731  
NETFANG [skolastjori@reykholar.is](mailto:skolastjori@reykholar.is)  
VEFFANG [www.reykholaskoli.is](http://www.reykholaskoli.is)

## 1. FORMÁLI

---

Ársskýrsla Reykhólaskóla kemur nú út í sjötta sinn. Markmið með útgáfu hennar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er í Reykhólaskóla ár hvert, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu.

Aðrar frekari upplýsingar um daglegt starf í skólanum er að finna á heimasíðu hans ([www.reykhólaskoli.is](http://www.reykhólaskoli.is)) og á Facebooksíðu skólans.

Skýrslunni er dreift til mennta- og menningarmálanefndar Reykhólahrepps, stjórnar foreldrafélagsins, skrifstofu sveitarstjórnar og bókasafns Reykhólaskóla og einnig mun hún liggja frammi á kaffistofu starfsmanna skólans. Skýrslan er einnig gefin út á rafrænu formi og þannig aðgengileg á heimasíðu skólans.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri.

## Efnisyfirlit

<b>1. FORMÁLI .....</b>	<b>3</b>
<b>2. INNGANGUR.....</b>	<b>7</b>
<b>3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR .....</b>	<b>8</b>
3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR .....	8
3.2 SKÓLARÁÐ .....	8
3.3 FORELDRAFÉLAG LEIK- OG GRUNNSKÓLADEILDAR .....	8
3.4 NEMENDARÁÐ.....	8
3.5 NEMENDAVERNDARRÁÐ .....	9
3.6 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA .....	9
3.7 NEMENDAFJÓLDI.....	9
3.8 SKÓLALÓÐ .....	10
3.9 SKÓLAAKSTUR .....	11
3.10 BÓKASAFN REYKHÓLASKÓLA.....	12
3.11 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI .....	12
3.12 FJÖLGREINDARLEIKAR REYKHÓLASKÓLA .....	13
3.13 LÆSISSTEFNA REYKHÓLASKÓLA .....	13
3.14 ENDURMENNTUN STARFSMANNA .....	14
3.15 SKIPULAG KENNSLU .....	15
<i>Viðmiðunarstundaskrá og skipting námsgreina .....</i>	<i>15</i>
<b>4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1. BEKKJAR .....</b>	<b>17</b>
4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	17
4.2 NÁMSMAT.....	18
<b>5. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2. BEKKJAR .....</b>	<b>19</b>
5.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	19
5.2 NÁMSMAT.....	20
<b>6. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3. OG 4. BEKKJAR .....</b>	<b>21</b>
6.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	21
<b>7. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5. OG 6. BEKKJAR .....</b>	<b>23</b>
7.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	23
7.2 NÁMSMAT/SÍMAT .....	24
7.3 SKEMMTANIR/FÉLAGSLÍF .....	24
<b>8. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 7.-8. BEKKJAR .....</b>	<b>25</b>
8.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	25
8.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG.....	26
8.3 NÁMSMAT .....	26
8.4 VIÐBURÐIR .....	26
<b>9. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 9.-10. BEKKJAR .....</b>	<b>28</b>
9.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	28
9.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG.....	28
9.3 NÁMSMAT .....	28
9.4 VIÐBURÐIR .....	29

<b>10.</b>	<b>SKÝRSLA ÍPRÓTTAKENNARA</b> .....	<b>30</b>
<b>11.</b>	<b>SKÝRSLA SUNDKENNARA</b> .....	<b>31</b>
11.1	KENNSLUADFERÐIR .....	31
11.2	NÁMSMAT .....	31
<b>12.</b>	<b>SÉRKENNSLA, ÞROSKAÞJÁLFUN, IÐJUPJÁLFUN</b> .....	<b>32</b>
12.1	SÉRKENNSLUTEYMI .....	32
12.2	STUÐNINGSÚRRÆÐI REYKHÓLASKÓLA .....	33
12.3	GREININGAR .....	33
12.4	ÁBYRGÐ OG ÖNNUR VERKEFNI SÉRKENNSLUTYMISS .....	34
12.5	INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR SÉRKENNSLUNNAR .....	34
12.6	INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR IÐJUPJÁLFUNARINNAR .....	35
12.7	INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR ÞROSKAÞJÁLFUNARINNAR .....	35
<b>13.</b>	<b>SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA</b> .....	<b>37</b>
<b>14.</b>	<b>SKÝRSLA TÓNMENTAKENNARA</b> .....	<b>39</b>
<b>15.</b>	<b>SKÝRSLA MYNDMENTAKENNARA</b> .....	<b>40</b>
15.1	KENNSLUADFERÐIR .....	40
15.2	NÁMSEFNI/GÖGN .....	40
15.3	NÁMSMAT .....	40
<b>16.</b>	<b>SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA</b> .....	<b>41</b>
16.1	KENNSLUADFERÐIR .....	41
16.2	NÁMSEFNI .....	41
16.3	NÁMSMAT .....	41
<b>17.</b>	<b>SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA</b> .....	<b>42</b>
17.1	KENNSLUADFERÐIR .....	42
17.2	NÁMSEFNI OG NÁMSMAT .....	42
<b>18.</b>	<b>LÍFSLEIKNI</b> .....	<b>43</b>
18.1	KENNSLUADFERÐIR .....	43
18.2	NÁMSEFNI OG NÁMSMAT .....	43
<b>19.</b>	<b>VAL</b> .....	<b>44</b>
<b>20.</b>	<b>FERÐALÖG Á VEGUM REYKHÓLASKÓLA</b> .....	<b>45</b>
20.1	HAUSTFERÐALAG .....	46
20.2	MÍÐSTIGSLEIKAR Í BORGARNESI .....	46
20.3	BÁRNAHÁTÍÐ Í REYKHOLTI 2016.....	47
20.4	HÁSKÓLALESTIN Í BÚÐARDAL .....	47
20.5	SMÍÐJUHELGI .....	48
20.6	FERÐALAG NEMENDA Í 1.-4. BEKK .....	48
20.7	FERÐALAG NEMENDA Í 5.-7. BEKK .....	48
20.8	FERÐALAG NEMENDA Í 8.-10. BEKK .....	49
<b>21.</b>	<b>FÉLAGSSTARF</b> .....	<b>51</b>
<b>22.</b>	<b>SKÝRSLA LEIKSKÓLADEILDAR</b> .....	<b>52</b>

22.1	ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI .....	52
22.2	DAGLEGT STARF .....	52
22.3	SAMFELLA MILLI SKÓLASTIGA .....	53
<b>23.</b>	<b>SKÝRSLA SKÓLASTJÓRA .....</b>	<b>55</b>
23.1	1. ÁGÚST TIL 1. NÓVEMBER 2014 .....	55
23.2	1. NÓVEMBER 2015 TIL 15. JANÚAR 2016.....	60
23.3	15. JANÚAR TIL 6. MAÍ 2016 .....	64
23.4	TÍMABILID 7. MAÍ TIL 30. JÚNÍ 2016 .....	67
<b>24.</b>	<b>ÞRÓUNARVERKEFNI .....</b>	<b>70</b>
<b>25.</b>	<b>STUNDASKRÁR .....</b>	<b>71</b>
25.1	STUNDASKRÁ 1. OG 2. BEKKJAR .....	71
25.2	STUNDASKRÁ 3. OG 4. BEKKJAR .....	71
25.3	STUNDASKRÁ 5. OG 6. BEKKJAR .....	71
25.4	STUNDASKRÁ 7. TIL 8. BEKKJAR.....	72
25.5	STUNDASKRÁ 9. TIL 10. BEKKJAR.....	72
<b>26.</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR .....</b>	<b>73</b>

## 2. INNGANGUR

---

Starfið hófst með starfsdögum hjá starfsmönnum leikskólans 10.-11. ágúst. Nemendur í leikskóladeild mættu 12. ágúst. Starfsmenn grunnskólans mættu í grunnskólann 17. ágúst þar sem starf vetrarins var undirbúið. Skólasetning var mánudaginn 24. ágúst að viðstöddum nemendum og foreldrum þeirra. Skóli hófst samkvæmt stundaskrá strax að lokinni setningu.

Í grunnskóladeild starfa fimm grunnskólakennarar ásamt skólastjóra, þar af einn sérkennari, einnig leiðbeinandi, þroskaþjálfari, iðjuþjálfari í hálfu starfi, tólmstundafulltrúi í hlutastarfi, fjórir stuðningsfulltrúar og tveir skólaliðar. Á leikskóladeildinni störfuðu fjórir starfsmenn fram að áramótum, leikskólakennari með sérkennaramenntun og þrír leiðbeinendur. Eftir áramót störfuðu fimm starfsmenn við leikskólann, leikskólakennari og fjórir leiðbeinendur.

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir er staðgengill skólastjóra meðan grunnskólinn er starfræktur og Sigrún Kristjánsdóttir deildarstjóri er staðgengill skólastjóra meðan grunnskóli er lokaður.

Reykhólaskóli fékk styrk frá Umhyggju – félagi langveikra barna, í tilefni af 35 ára afmæli félagsins. Verður hann notaður til þess að kaupa ýmiskonar sérkennslugögn fyrir skólann. Nú þegar er búið að ráðstafa tæplega helmingnum af styrknum.

---

### 3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

#### 3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR

---

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, staðgengill skólastjóra

Sigrún Kristjánsdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar janúar til júní

Bryndís Héðinsdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar ágúst til desember

---

#### 3.2 SKÓLARÁÐ

---

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri

Áslaug Berta Guttormsdóttir, grunnskólakennari

Anna Björg Ingadóttir, grunnskólakennari

Friðrún Hadda Gestsdóttir, stuðningsfulltrúi

Ágústa Kristín Bragadóttir, leiðbeinandi í leikskóla

Aðalbjörg Egilssdóttir, nemandi í 10. bekk

Jakob Borgar Pálsson, nemandi í 10. bekk

Bjarni Þór Bjarnason, fulltrúi foreldra

Eiríkur Kristjánsson, fulltrúi foreldra

---

#### 3.3 FORELDRAFÉLAG LEIK- OG GRUNNSKÓLADEILDAR

---

Lovísa Ósk Jónsdóttir

Agnieszka Anna M. Kowalczyk

Sigrún Kristjánsdóttir

---

#### 3.4 NEMENDARÁÐ

---

Jakob Borgar Pálsson



Aðalbjörg Egilsdóttir

Aron Viðar Kristjánsson

Ásdís Birta Bjarnadóttir

Ólafur Garðar Reynisson

---

### 3.5 NEMENDAVERNDARRÁÐ

---

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri

Andrea Björnsdóttir, þroskaþjálfari

Gróa Dal, skólahjúkrunarfræðingur

María Játvarðardóttir, félagsmálastjóri Reykhólahrepps

---

### 3.6 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

---

Brynjólfur Brynjólfsson, sálfræðingur

Elmar Þórðarson, talmeinafræðingur

---

### 3.7 NEMENDAFJÖLDI

---

Í upphafi skólaárs voru nemendur leikskóladeildar 15 talsins, 10 stelpur og 5 strákar. Eftir áramótin bættust í hópinn 2 strákar og 4 stelpur og voru nemendur orðnir 21 í leikskólanum við skólalok.

Nemendum í grunnskóladeildinni fjölgaði einnig. Við upphaf skólaárs voru nemendur 46 en með vormánuðunum hafði nemendum fjölgað um 5 og voru útskrifaðir úr skólanum 51 nemandi.

Nemendur þetta skólaár voru alls 72.

Tafla 1 sýnir sundurliðun á nemendafjölda grunnskóladeildar eftir bekkjum og kyni í lok skólaárs 2016. Tafla 2 sýnir sundurliðun á nemendafjölda leikskóladeildar eftir hópi, aldri og kyni. Áætlað er að nemendafjöldi næsta skólaár verði 52 í grunnskóladeild og 20 í leikskóladeild.

Tafla 1: Sundurliðun á nemendafjölda grunnskóladeildar vorið 2016.

Bekkur	Fjöldi	Strákar	Stelpur	Umsjónarkennari
1.	6	2	4	Steinunn Ó. Rasmus
2.	4	2	2	Steinunn Ó. Rasmus
3.	7	5	2	Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir
4.	5	3	2	Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir
5.	6	5	1	Anna Björg Ingadóttir
6.	6	5	1	Anna Björg Ingadóttir
7.	4	2	2	Áslaug Guttormsdóttir
8.	8	2	6	Áslaug Guttormsdóttir
9.	3	2	1	Svanborg Guðbjörnsdóttir
10.	2	1	1	Svanborg Guðbjörnsdóttir

Tafla 2: Sundurliðun á nemendafjölda leikskóladeildar vorið 2016.

Árgangur	Fjöldi	Strákar	Stelpur	Deild	Hópstjóri
2015	2	1	1	Yngri	Íris Ósk Sigþórsdóttir
2014	3	0	3	Yngri	Íris Ósk Sigþórsdóttir
2013	5	2	3	Yngri	Íris Ósk Sigþórsdóttir
2012	4	1	3	Eldri	Ágústa Bragadóttir
2011	4	3	1	Eldri	Ágústa Bragadóttir
2010	3	0	3	Eldri	Ágústa Bragadóttir

---

### 3.8 SKÓLALÓÐ

---

Kringum skólann er stór lóð og er núna verið að vinna í því að skipuleggja svæðið þannig að það myndist heild á milli. Síðastliðið sumar var fyrsti áfanginn tekinn í gagnið en það er lóðin á milli skólabyggingar og sparkvallar. Keypt voru leiktæki og

sett niður, þökulagt og lögð gangstétt. Kolur ehf. sá um verkið en auk þess gaf hann skólanum 20 þúsund krónur til að kaupa útidót fyrir skólalóðina.

Samkvæmt úttektaraðilum þarf að lækka tæki niður sem fyrir voru á lóðinni og stefnt verður að því að gera það sumarið 2016. Ekkert hefur verið unnið í leikskólalóðinni í vetur, en hún þarfnast útbóta, auk þess sem girðing í kringum lóðina er ekki nægjanlega barnheld.

---

### 3.9 SKÓLAAKSTUR

---

Átján nemendur grunnskóladeildar og fjórir nemendur leikskóladeildar koma og fara með skólabílum. Eitt af þeim börnum er nemandi úr öðru sveitarfélagi og hefur sveitarfélagið hans séð um greiðslu á akstri. Þrjú börn í leikskóla eru keyrð af foreldrum sínum.

Akstursleiðir eru þrjár: Gufudalur, Innsveitin og Reykjanesið. Skólabílstjórar eru Þráinn Hjálmarsson (Gufudalur), Vilberg Þráinsson (Innsveitin), Rebekka Eiríksdóttir (Staður) og Ingibjörg Smáradóttir (Klettaborg). Nemendum leikskóladeildar stóð til boða að þiggja laus sæti í skólabílum.

*Tafla 3: Fjöldi nemenda sem koma og fara með skólabíl.*

Leið	Fjöldi	Grunnskóladeild	Leikskóladeild	Bílstjóri
Gufudalur	7	6	1	Þráinn Hjálmarsson
Innsveit	11	8	3	Vilberg Þráinsson
Staður	2	2	0	Rebekka Eiríksdóttir
Klettaborg	2	2	0	Ingibjörg Smárad.

### 3.10 BÓKASAFN REYKHÓLASKÓLA

---

Harpa Björk Eiríksdóttir hefur séð um bókasafns Reykhólahrepps. Hún ákvað að segja upp starfi sínu vegna þess að hún var að fara í nám. Þá var ákveðið að setja bókasafnið undir stjórn skólastjóra Reykhólaskóla. Formlega tók skólinn við safninu um áramótin 2015-2016. Herdís Erna skólaliði Reykhólaskóla hefur séð um útleigu á safninu og er Ásta Sjöfn henni til aðstoðar.

Þær fóru á námskeið í Gegni, sem er tölvukerfi fyrir bókasöfn á Íslandi. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel. Nemendur skólans eru duglegir að notfæra sér bókasafnið en íbúar hreppsins virðast ekki vera jafn bókhneigðir.

---

### 3.11 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

---

Við í Reykhólaskóla leggjum mikla áherslu á að vinna og læra í góðum tengslum við náttúruna og nærumhverfið, enda er Reykhólaskóli „skóli á grænni grein“.

Við leggjum okkur fram við að skapa andrúmsloft og umhverfi þar sem nemendum líði vel og geti þroskast og dafnað á sínum forsendum við krefjandi og áhugaverð verkefni í leik og starfi. Við leggjum áherslu á að gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu og veita þeim hvatningu og stuðning við ákvarðanatöku um framvindu náms eins og mögulegt er, jafnframt því að samvinna og jákvæðni séu aðalsmerki nemenda og starfsmanna skólans. Kjörorð skólans er „Vilji er vegur“.

Nemendur í skólahópi hafa komið 6 sinnum í viku í kennslu með 1. og 2. bekk, fjórum sinnum í bóklega tíma og tvisvar í íþróttir. Nemendur í unglingsdeild hafa verið duglegir að fara í leikskólann og lesa fyrir leikskólabörn. Í vetur vegna framkvæmda hafa nemendur í 1. og 2. bekk ekki átt kost á því að fara í heimsókn í leikskólann líkt og síðasta vetur.

---

### 3.12 FJÖLGREINDARLEIKAR REYKHÓLASKÓLA

---

Þetta er byggt á fjölgreindarkenningu Howards Garners, en hann skiptir mannlegri greind upp í 8 greindir. Það eru málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, tónlistargreind, líkams- og hreyfigreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind. Oft er líka talað um níundu greindina, en það er tilfinningagreind. Leikarnir felast í því að settar eru upp stöðvar þar sem nemendur nota eina til tvær greindir á hverri stöð. Skipt var upp í 9 mismunandi stöðvar þar sem nemendur reyndu á mismunandi þætti, sem voru stafarugl og ljóðagerð, púsl, sudoko/ubongo, stígvéladansinn, vídeógerð, yatzy, kindurnar okkar, sköpun og twister/ASNI. Nemendum var skipt í 9 hópa, 4-6 í hverjum hópi. Nemendur unnu í 15 mínútur á hverri stöð. Í lokin var komið eitt stórt sameiginlegt verk úr sköpun sem nemendur unnu úr afgangum og puttaprjóni. Einnig komu nokkur bráðskemmtileg myndbönd. Í lokin dönsuðu allir saman stígvéladansinn. Leikarnir voru haldnir síðasta skóladaginn, þann 18. maí.

---

### 3.13 LÆSISSTEFNA REYKHÓLASKÓLA

---

Í vetur hafa kennarar og starfsmenn Reykhólaskóla verið að vinna að læsisstefnu fyrir skólann. Hún kemur til með að ná frá leikskólastigi og upp í 10. bekk.

Menntamálastofnun er að nú að vinna að stöðluðum lestarprófum fyrir grunnskóla. Reykhólaskóli er einn af tilraunaskólum í þessu verkefni. Nú þegar hafa nemendur tekið tvö próf og komið ágætlega út og næsta vetur verður haldið áfram í þessu tilraunaverkefni.

Búið er að kynna læsisstefnu Reykhólaskóla fyrir skólaráði Reykhólaskóla og mennta- og menningarmálanefnd. Hún kemur til með að verða aðgengileg á vefnum fyrir næsta haust.

### 3.14 ENDURMENNTUN STARFSMANNA

Til að gera gott skólastarf enn betra er mikilvægt að gefa starfsfólki kost á að taka þátt í allskyns námskeiðum og skólaheimsóknum. Á skólaárinu 2015-2016 var lögð áhersla á eineltisfræðslu og líðan nemenda. Einnig var skoðað hvernig skólinn í Stykkishólmi notar byrendalæsi í sinni kennslu. Búið að gera fræðsluáætlun fyrir starfsmenn Reykhólaskóla, fyrir utan KÍ-félagsmenn, fyrir skólaárið 2016-2017.

#### **Einelti, jafningjahópurinn, félagsfærni, vináttuþjálfun.**

Starfsmenn Reykhólaskóla fóru á námskeið hjá Vöndu Sigurgeirsdóttur 20. ágúst í Laugalækjarskóla í Reykjavík. Góð mæting var hjá starfsmönnum og var námskeiðið mjög áhugavert og skemmtilegt.

Vanda koma síðan í Reykhólaskóla þar sem hún hitti nemendur og var með námskeið með þeim. Eftir það var tveggja tíma námskeið með starfsmönnum og að lokum hitti hún foreldra barna í Reykhólaskóla.

Allir höfðu gagn og gaman af námskeiðunum og verður áframhaldandi vinna með þetta í framtíðinni.

#### **Sjálfsmynd barna og sjálfsefning fullorðina.**

Anna Sigríður Jökulsdóttir sálfræðingur var með námskeið fyrir starfsfólk skóla 21. ágúst á Hólmavík. Fjallað var um þróun sjálfsmyndar og sjálfsmynd barna, hvernig hægt er að styrkja sjálfsmynd barna og hvernig hægt er að setja sér markmið í starfi. Mjög áhugavert og skemmtilegt námskeið sem allir höfðu gagn og gaman af.

#### **Skólaþing Fjórðungssambands Vestfirðinga.**

Haldið var skólaþing á Patreksfirði 1. október og gafst starfsmönnum kostur á því að fara. Fjórir kennarar skelltu sér á Patreksfjörð. Megináherslan var á lestur og læsi.

#### **Starfsdagur grunnskólans 9. nóvember.**

Farið var í Stykkishólm til að kynna sér skólastarfið þar. Berglind aðstoðarskólustjóri tók vel á móti okkur. Hún sýndi okkur skóla og síðan var kynnt fyrir okkur hvernig þau vinna með „byrjendalæsi“. Mjög áhugavert og skemmtilegt.

### **Starfsdagur leikskólans 30. júní.**

Farið verður í Dalskóla til að kynna sér starfið þar, en þetta er skóli sem er bæði leikskóli og grunnskóli. Eftir það á að fara í Krumma sem sérhæfir sig í og selur vörur fyrir leikskóla.

---

#### **3.15 SKIPULAG KENNSLU**

---

Lög um grunnskóla ákvarða nánar námssvið og viðfangsefni skólastarfsins. Í 25. gr. laganna segir m.a. að setja skuli ákvæði um inntak og skipulag náms. Þar segir jafnframt að kveða skuli á um hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skuli gætt að námið verði sem heildstæðast, en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið séu aðgreind eða samþætt í kennslu. Skólastjóri ber faglega ábyrgð á skipan kennslu. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir því að námsgreinar og námssvið grunnskóla dreifist eðlilega á námstímann og samkvæmt faglegum sjónarmiðum.

#### **VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ OG SKIPTING NÁMSGREINA**

Í aðalnámskrá grunnskóla birtist viðmiðunarstundaskrá sem skólum ber að fara eftir. Viðmiðunarstundaskráin býður upp á sveigjanleika innan námssviða og milli áfanga.

Tafla 4: Viðmiðunarstundaskrá samkvæmt aðalnámskrá 2011.

Námssvið Námsgreinar	1.-4. bk. Heildartími Mín. á viku	5.-7. bk. Heildartími Mín. á viku	8.-10. bk. Heildartími Mín. á viku	1.-10. bk. Heildartími Mín. á viku
Íslenska, íslenska sem annað tungumál, íslenskt táknmál	1.120	680	630	18,08%
Erlend tungumál: Enska og danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	8,33%
Skólaíþróttir (sund og íþróttir)	480	360	360	8,93%
Samfélagsgreinar: Trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði	580	600	360	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	2,68%
Til ráðstöfunar / val	300	160	870	9,90%
<b>Alls</b>	<b>4.800</b>	<b>4.200</b>	<b>4.440</b>	<b>100,00%</b>

Tafla 5: Skipting námsgreina skólaárið 2014-2015 í 40 mínútna kennslustundum.

Námsgreinar	Árgangur									
	1. bk.	2. bk.	3. bk.	4. bk.	5. bk.	6. bk.	7. bk.	8. bk.	9. bk.	10. bk.
Íslenska	7	7	7	7	6	6	6	6	6	6
Stærðfræði	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
Danska	0	0	0	0	0	0	2	3	3	3
Enska	1	1	1	1	3	3	4	4	4	4
Samfélagsfræði	3	3	3	3	4	4	3	3	3	3
Náttúrufræði	2	2	2	2	4	4	3	3	3	3
Upplýsinga- og tæknimennt	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Íþróttir	2	2	2	2	3	3	3	3	3	3
Sund	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Heimilisfræði	1	1	1	1	2	2	1	1	1	1
Hönnun og smíði	1	1	1	1	2	2	1	1	1	1
Textíl	1	1	1	1	2	2	2	2	2	2
Myndmennt	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Tónmennt	1	1	1	1	0	0	0	0	0	0
Val	1	1	1	1	1	1	1	2	2	2
<b>Samtals</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>36</b>	<b>36</b>	<b>35</b>	<b>37</b>	<b>37</b>	<b>37</b>
<b>Viðmið</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>37</b>	<b>37</b>	<b>37</b>



---

## 4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1. BEKKJAR

---

Nemendur í 1. bekk voru sex talsins, 2 strákar og 4 stúlkur. Samkennsla var með 2. bekk. Umsjónarkennari hópsins var Steinunn Ó. Rasmus og kenndi hún íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, textíl og tónmennt. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi heimilisfræði, Rebekka Eiríksdóttir kenndi smíði og myndmennt, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir kenndi upplýsingatækni, íþróttir og sund, Áslaug B. Guttormsdóttir kenndi ensku og Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndi íþróttir.

---

### 4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Áhersla er lögð á að nemendur aðlagist skólaumhverfinu og séu virkir þátttakendur í því og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Dagurinn hófst alltaf í heimakrók þar sem nemendur fengu tækifæri til að tjá sig. Áhersla var lögð á að nemendur kæmu vel fram hver við annan og tækju tillit hver til annars. Fjallað var um margbreytileikann, að hver og einn væri einstakur, nemendur gætu verið með hinar ýmsu raskanir, svo sem einhverfu eða ofvirkni, og að það væri eðlilegt að jafnaldrar væru ekki allir að gera það sama á sama tíma.

Stafainnlögn var að mestu lokið í lok janúar. Þá voru nemendur almennt orðnir mjög sjálfstæðir í vinnubrögðum og komnir vel á veg. Í lestrarkennslunni var stuðst við námsefnið Listin að lesa og skrifa, leshefti og vinnubækur, ásamt ýmsum heimatilbúnum stafa- og hljóðgreiningarheftum. Lestraráttakinu „Allir lesa“ var vel tekið og hafði mjög hvetjandi áhrif á nemendur, sem tóku virkan þátt, bæði heima og í skólanum. Sögugerð var að jafnaði einu sinni í viku og í skrift var notuð forskrift frá kennara.

Grunnefni í stærðfræði var Sproti 1a og 1b og sumir nemendur luku 2a. Einnig var notað gamalt efni sem hentaði hverjum og einum og hver og einn vann á sínu getu- og hraðastigi.

Námsefnið í íslensku og stærðfræði var einstaklingsmiðað og því var hver nemandi að vinna á sínu getustigi og hraða. Mikil áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð.

Íslenskan og stærðfræðin höfðu forgang, en náttúrufræðin og samfélagsfræðin voru tvinnuðar inn í kennsluna eftir því sem áhugi og aðstæður buðu hverju sinni.

---

#### 4.2 NÁMSMAT

---

Námsmat var í lok hvorrar annar, þar sem nemendur fengu umsögn, en að vori var einnig gefin einkunn í lestri og stærðfræði.

Steinunn Ólafía Rasmus.

---

## 5. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2. BEKKJAR

---

Nemendur í 2. bekk voru í upphafi vetrar þrír, en í febrúar bættist einn drengur í hópinn. Þá voru nemendur orðnir 4 talsins, 2 strákar og 2 stúlkur, og samkensla með 1. bekk. Umsjónarkennari hópsins var Steinunn Ó. Rasmus og kenndi hún íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, textíl og tónmennt. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi heimilisfræði, Rebekka Eiríksdóttir kenndi smíði og myndmennt, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir kenndi íþróttir, sund og upplýsingatækni, Áslaug B. Guttormsdóttir kenndi ensku og Svanborg Guðbjörnsdóttir íþróttir.

---

### 5.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Dagurinn hófst alltaf í heimakrók þar sem nemendur fengu tækifæri til að tjá sig. Áhersla var lögð á að nemendur kæmu vel fram hver við annan og tækju tillit hver til annars. Fjallað um margbreytileikann, að hver og einn væri einstakur, nemendur gætu verið með hinar ýmsu raskanir, svo sem einhverfu eða ofvirkni, og að það væri eðlilegt að jafnaldrar væru ekki allir að gera það sama á sama tíma.

Námið var einstaklingsmiðað í íslensku og stærðfræði, þar sem hver nemandi fékk námsefni við hæfi. Lestur var daglega og ýmis verkefni í íslensku þar sem hver vann á sínu getustigi. Lestraráttakinu „Allir lesa“ var vel tekið og hafði mjög hvetjandi áhrif á nemendur, sem tóku virkan þátt, bæði heima og í skólanum. Íslenskan og stærðfræðin höfðu forgang á annað, en samfélagsfræðin og náttúrufræðin voru tvinnuðar inn í kennsluna eftir því sem áhugi og aðstæður buðu upp á hverju sinni. Mikil áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð.

Grunnnámsefni í stærðfræði var Sproti 2a og 2b.

Skriptarefni var frá Námsgagnastofnun, þ.e. skrift 1 og 2, ásamt forskrift kennara.

Flestir byrjuðu á Ritrún 1 og luku henni.

## 5.2 NÁMSMAT

---

Námsmat fór fram í lok hvorrar annar, þar sem nemendur fengu að spreyta sig á efni tengdu námsefninu. Hraðlestrarpróf voru í lok hvorrar annar.

Steinunn Ólafía Rasmus.

---

## 6. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3. OG 4. BEKKJAR

---

Nemendur í 3. og 4. bekk voru samtals 12, sjö í 3. bekk og fimm í 4. bekk. Kynjaskiptingin var 4 stúlkur og 8 drengir. Einn nemandi fór úr bekknum á vordögum.

Umsjónarkennari hópsins var Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og kenndi hún íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, íþróttir og sund. Stuðningsfulltrúar voru Dís Guðrún Sverrisdóttir og Friðrún Hadda Gestsdóttir. Áslaug Berta Guttormsdóttir kenndi ensku, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi heimilisfræði og upplýsingamennt, Anna Björg Ingadóttir kenndi samfélagsfræði, Rebekka Eiríksdóttir kenndi myndmennt og smíði, Steinunn Rasmus sá um textílkennslu og tónmennt, Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndi íþróttir og Jóhanna Ösp Einarsdóttir kenndi val. Indiana Svala Ólafsdóttir sá um heimanámstíma einu sinni í viku. Sérkennsla var í höndum Áslaugar Bertu Guttormsdóttur sérkennara, Andreu Björnsdóttur þroskaþjálfara og Söndru Rúnar Björnsdóttur iðjuþjálfara.

---

### 6.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Á hverjum morgni var setið í heimakrók og lesin saga fyrir nemendurna. Í heimakrók lásu nemendur einnig frumsamdar sögur og verkefnið „sýna og segja frá“ var einnig kynnt þar.

Kenntuáætlingar voru einstaklingsmiðaðar, þar sem allir voru með námsefni við hæfi og hver vann á sínum hraða. Áhersla var lögð á mikilvægi lesturs. Fyrir áramót höfðum við lestrarbingó og í janúar tókum við þátt í lestrarátakinu „Allir lesa“ og stóðum okkur mjög vel. Nemendur lásu í lestrarbókum fyrir kennara/stuðningsfulltrúa einu sinni á dag. Unnið var í vinnubókum og öðrum völdum verkefnum frá kennara. Reynt var að skapa jákvætt andrúmsloft og að nemendum liði vel. Áhersla var lögð á að fara að fyrirmælum og vinna sjálfstætt.

Einnig voru ýmiskonar upptakur, svo sem öfugsnúni dagurinn, þar sem nemendur gengu afturábak og klæddu sig í fötin öfugt, blár dagur, bleikur dagur og þemavika í lok nóvember þar sem fullveldi Íslands var tekið fyrir. Þemavika var í mars og árshátíðin var svo helguð níunda áratugnum eða 80's tímabilinu. Nemendur í 1.-4. bekk sungu og nokkrar hljómsveitir léku lög frá þessu tímabili. Námsmat var í lok hverrar annar, byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum og könnunum.

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir.

---

## 7. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5. OG 6. BEKKJAR

---

Nemendur í 5. bekk voru 6 í vetur og í 6. bekk voru 6 nemendur. Kennt var í samkenndu. Umsjónarkennari var Anna Björg Ingadóttir sem kenndi íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði, trúarbragðfræði og lífsleikni. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi heimilisfræði. Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndi náttúrufræði. Hún kenndi einnig íþróttir og sund ásamt Kolfinnu Ýri Ingólfssdóttur. Áslaug B. Guttormsdóttir sá um aukapjálfun í lestri og sérkenndu ásamt enskukennslu. Andrea Björnsdóttir sá einnig um aukapjálfun í lestri og sérkenndu. Sandra Rún Björnsdóttir sá um iðjupjálfun ásamt annarri sérkenndu. Steinunn Ó. Rasmus kenndi textílmenn og tónmennt. Rebekka Eiríksdóttir kenndi myndmennt og smíði.

Katla Sólborg Friðriksdóttir var stuðningsfulltrúi í bekknum.

---

### 7.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Unnið með hliðsjón af aðalnámskrá grunnskóla. Vegna samkenndu tók kennslan eitthvert mið af því. Kennslan sérstaklega í íslensku, stærðfræði og ensku byggðist mikið á einstaklingskenndu þar sem allir eru með námsefni við hæfi og hver vinnur á sínum hraða. Mikil áhersla var lögð á mikilvægi lesturs. Valinn var lestrarhestur hvers mánaðar (miðað var við hve oft nemandi las en ekki hve mikið). Nemendur tóku þátt í lestrarátakinu allirlesa.is og stóðu sig frábærlega vel. Einnig var mikil áhersla á símat í stærðfræði, unnið var í lotum þar sem nemendur fara í könnun eftir hverja lotu og fara ekki í næstu lotu fyrr en atriðum í hverri lotu er náð.

Reynt var að skapa jákvætt andrúmsloft og að nemendum liði vel. Áhersla lögð á að fara að fyrirmælum og vinna sjálfstætt og virða vinnufrið annarra.

Nemendur sáu sjálfir um að skrá heimanámið í skólakompur með aðstoð kennara og stuðningsfulltrúa. Kennari skráði einnig heimanám á feisbókarsíðu hópsins sem og á

Námfús. Náms og gleði var haldið í september, en þar gafst foreldrum kostur á að kynna sér námsefnið og skipulag kennslunnar.

---

## 7.2 NÁMSMAT/SÍMAT

---

Stuðst var við símat að mestu leyti og lítið um stór annarpróf. Kannanir lagðar fyrir reglulega á hverri önn, t.d. eftir hvern kafla og í lok annar. Einnig metin vinna nemenda á önninni. Í samfélagsfræði voru vinnubók og Norðurlandaverkefnið metin til einkunna en í bókmenntum voru kaflapróf í Lífinu í Ásgarði ásamt vinnubók metin til einkunna.

---

## 7.3 SKEMMTANIR/FÉLAGSLÍF

---

Nemendur í 5. og 6. bekk tóku þátt í fullveldishátíðinni og árshátíð skólans. Einnig stóð nemendum til boða að taka þátt í félagsstarfi því er Jóhanna Ösp Einarsdóttir sá um. Nemendur fóru ásamt 7. bekk í vorferðalag til Stykkishólms þann 18. maí.

Anna Björg Ingadóttir.



---

## 8. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 7.-8. BEKKJAR

---

Nemendur í 7.-8. bekk voru 10 við upphaf skólaárs en fækkaði fljótlega um einn, þannig að lengst af vetri voru þeir samtals 9. Heldur hljóp á snærið á vorönn, en þá bættust 3 nýir nemendur við hópinn og voru þeir þá orðnir 12 talsins. Skipting milli bekkja var þannig að 4 nemendur voru í 7. bekk en nemendur í 8. bekk voru á bilinu 5-8 talsins.

Umsjónarkennari var Áslaug Berta Guttormsdóttir, sem kenndi hluta íslenskunnar (bókmenntir og málfræði), stærðfræði og dönsku. Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndi náttúrufræði, samfélagsfræði í 8. bekk, íslensku (ritun og stafsetningu) og íþróttir á móti Kolfinnu Ýr Ingólfssdóttur sem einnig kenndi sund. Anna Björg Ingadóttir kenndi ensku og samfélagsfræði í 7. bekk. Rebekka Eiríksdóttir kenndi upplýsingatækni, myndmennt og smíði. Jóhanna Ösp Einarssdóttir kenndi heimilisfræði og lífsleikni. Steinunn Rasmus kenndi textíl.

Stuðningsfulltrúi var Indiana Ólafssdóttir og var hún nánast alfarið inni í bekk en fylgdi 7. bekknum í samfélagsfræði til Önnu Bjargar. Einnig voru nemendur teknir úr tímum til að æfa lestur sérstaklega og sáu Andrea Björnsdóttir og Sandra Rún Björnsdóttir um það.

---

### 8.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín og töluvert gert í því að hnoða hópinn betur saman. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og jafnframt að nýta fámenni bekkjarins til þess að einstaklingsmiða námið og sníða það að þörfum hvers og eins. Reynt var að nota fjölbreytileg verkefni og kennsluaðferðir.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í nóvember og febrúar.

---

## 8.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsmiðað nám. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Nemendur unnu mikið sjálfstætt, en notaðar voru kennsluaðferðir eins og innlögn á töflu, samvinnunám, lausnaleitarnám, hópavinna, fyrirlestrar og heimildavinna.

---

## 8.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum og formlegum annarprófum.

---

## 8.4 VIÐBURÐIR

---

Nemendur í 7. bekk tóku samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði í vikunni 21.-25. september.

Nemendur í 8. bekk tóku þátt í smiðjuhelgum sem voru fyrir og eftir áramót og fóru á nokkra dansleiki utan sveitarfélagsins, þ.m.t. hinn vinsæla Samfesting sem haldinn er ár hvert á vegum Samfés.

Félagsstarf fyrir krakkana var í hverri viku, þar sem ýmislegt var gert til skemmtunar. Umsjónarmaður var Jóhanna Ösp Einarsdóttir.

Stóra upplestrarkeppnin fyrir 7. bekk var haldin á Hólmavík 2. mars. Frá Reykhólaskóla kepptu 3 af 4 nemendum í bekknum og er skemmst frá því að segja að Reykhólaskóli hreppti 1. sætið með frábærri frammistöðu Júlíu Rúnar Pálsdóttur.

Nemendum í 5.-10. bekk var boðið í Auðarskóla í Búðardal föstudaginn 6. maí til að taka þátt í Háskólalestinni. Þar stóðu starfsmenn Háskóla Íslands fyrir spennandi smiðjum og var þetta mjög vel heppnaður dagur.

Þá fóru nemendur í 8. bekk í skíðaferðalag í apríl og 7. bekk í skólabúðirnar að Reykjum í janúar og skólaferðalag á Snæfellsnesið í maí. Þessum viðburðum er lýst nánar í kaflanum *Ferðalög á vegum Reykhólaskóla*.

Áslaug Berta Guttormsdóttir.

---

## 9. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 9.-10. BEKKJAR

---

Nemendur í 9.-10.bekk voru fimm talsins, tveir nemendur í 10. bekk og þrír nemendur í 9. bekk.

Kennarar bekkjarins voru Svanborg Guðbjörnsdóttir umsjónarkennari sem kenndi íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, tölvur og íþróttir. Áslaug B. Guttormsdóttir kenndi dönsku og Anna B. Ingadóttir ensku. Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir kenndi sund og íþróttir. Rebekka Eiríksdóttir kenndi myndmennt og smíði, Jóhanna Ösp Einarsdóttir kenndi heimilisfræði og lífsleikni. Steinunn Ó. Rasmus kenndi textíl.

---

### 8.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð og fámenni hópsins nýtt í að einstaklingsmiða námið og sníða að þörfum hvers og eins. Reynt að nota fjölbreytt verkefni og kennsluaðferðir. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í nóvember og febrúar.

---

### 9.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu að einhverju leyti – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð, en einnig voru unnin hópaverkefni sem byggja á samvinnu nemenda við að leysa verkefni með hinum ýmsu aðferðum og hjálpartækjum, svo sem tölvum.

---

### 9.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, vinnubókum, verkefnaskilum og kaflaprófum. Einnig var metið í fyrsta skipti eftir nýjum matsviðmiðum fyrir 10. bekk.

#### 9.4 VIÐBURÐIR

---

Nemendur í 9.-10. bekk tóku þátt í smiðjuhelgum sem voru tvisvar yfir veturinn, einu sinni á hvorri önn.

Einnig var farið á nokkra dansleiki utan sveitarfélagsins.

9. bekkur fór í ungmennabúðir að Laugum 19.-23.október.

10. bekkur tók samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði dagana 21.-23. september.

Félagsstarf fyrir krakkana var í hverri viku, þar sem ýmislegt var gert sér til skemmtunar. Jóhanna Ö. Einarsdóttir skipulagði og hafði umsjón með því.

Háskólalestin var stödd í Búðardal 6. maí og var farið með nemendur þangað.

Svanborg Guðbjörnsdóttir.

## **10. SKÝRSLA ÍPRÓTTAKENNARA**

---

Samkennsla var hjá 5 ára nemendum og 1.-2. bekk, 3.-4. bekk, 5.- 6. bekk og 7.-10. bekk.

Kennslustundir voru 2 tímar á viku í 40 mínútur hjá öllum nema 5.-10. bekk, þar voru kennslustundirnar 3 tímar í viku í 40 mínútur.

Íþróttakennsla fór fram í íþróttahúsinu og var lögð áhersla á leiki, boltaíþróttir, styrktaræfingar, þol, snerpu og liðleika. Svana Hrönn Jóhannsdóttir kom og kynnti glímu.

Kennarar voru Kolfinna Ýr Ingólfisdóttir og Svanborg Guðbjörnsdóttir.

## **11. SKÝRSLA SUNDKENNARA**

---

Samkennsla var í 1.-2. bekk, alls 10 nemendur, í 3.-4. bekk, alls 12 nemendur, í 5.-6. bekk, alls 11 nemendur, og í 7.-10. bekk, alls 16 nemendur. Kennarar voru Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Andrea Björnsdóttir. Kennslustundir voru 1 tími á viku í 40 mínútur.

---

### **11.1 KENNSLUAÐFERÐIR**

---

Kennsla fór fram í Grettislaug og var stuðst við samræmd sundstig fyrir grunnskóla og námsáætlun unnin út frá þeim. Sýnikennsla var á bakka eða kennari var ofan í laug.

---

### **11.2 NÁMSMAT**

---

Nemendur fengu skriflegt námsmat á haustönn. Á vorönn var unnið út frá samræmdum sundstigum fyrir grunnskóla og einkunn unnin út frá þeim.

Kennarar voru Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Andrea Björnsdóttir.

---

## 12. SÉRKENNSLA, ÞROSKAÞJÁLFUN, IÐJUPJÁLFUN

---

Veturinn 2015-2016 var þriðja starfsár teymis sérkennslumála við Reykhólaskóla. Í því sátu Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Andrea Björnsdóttir þroskaþjálfari, Áslaug B. Guttormsdóttir sérkennari og Sandra Rún Björnsdóttir iðjuþjálfari. Stöðuhlutfall sérkennara í sérkennslu var u.þ.b. 20%, þroskaþjálfara 90% og iðjuþjálfara 40%.

Skólastjóri er yfirmaður sérkennslumála við Reykhólaskóla og stjórnar fundum sérkennsluteymis, svo og öðrum fundum sem varða sérkennslumál, og heldur utan um fundargerðir. Sérkennari ber faglega ábyrgð á sérkennslumálum innan skólans. Sérkennsluteymi ber sameiginlega ábyrgð á sérkennslu og þroska- og iðjuþjálfun innan skólans.

---

### 11.1 SÉRKENNSLUTEYMI

---

Sérkennsluteymi skólans vann saman að málefnum nemenda með fatlanir/raskanir. Teymið fundaði vikulega og ræddi málefni einstakra nemenda og þörf fyrir sérkennslu og þroska- og iðjuþjálfun.

Sérkennslugögn voru keypt og auk þess mikið búið til, m.a. úr ýmsu verðlausu efni.

Að vori skilaði sérkennsluteymið af sér skriflegri samantekt/mati yfir þann stuðning sem hver nemandi hafði hlotið yfir skólaárið. Samantektin var prentuð út og barst foreldrum í hendur með einkunnaskírteini á skólaslitunum 26. maí 2016.

Sérkennsluteymið fundaði með umsjónarkennara og stuðningsfulltrúum fatlaðra nemenda einu sinni í mánuði. Sömu leiðis fundaði teymið með foreldrum fatlaðra nemenda, umsjónarkennara og stuðningsfulltrúum. Þá funduðu sérkennari og þroskaþjálfari með sérfræðingum skólans tvisvar sinnum yfir árið og sátu skilafundi með foreldrum og sérfræðingum. Vert er að upplýsa foreldra um að fjármagn til sérkennslumála fylgir einungis nemendum með greiningar frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og BUGL og þurfa greiningarnar að uppfylla ákveðin viðmið. Önnur sérkennsla er greidd af sveitarfélaginu.



---

## 11.2 STUÐNINGSÚRRÆÐI REYKHÓLASKÓLA

---

Stuðningsúrræði við nemendur í grunnskóladeild veturinn 2015-2016 voru sérkennsla, þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og stuðningur inni í samkennsluhópum. Andrea Björnsdóttir var í 90% stöðu þroskaþjálfara. Sandra Rún Björnsdóttir var í 40% stöðu iðjuþjálfara.

Fjórir aðilar sinntu stuðningi inni í bekk í hlutastörfum, en það voru Indiana Svala Ólafsdóttir, Katla Sólborg Friðriksdóttir, Dís Sverrisdóttir og Friðrún Hadda Gestsdóttir.

---

## 11.3 GREININGAR

---

Nemendur með greiningar og/eða sem nutu þjónustu sérkennsluteymis voru 14 í grunnskóladeild eða 28% nemenda í grunnskóladeild.

Áætlaður fjöldi nemenda í leik- og grunnskóladeild með greiningar og/eða sem koma til með að njóta þjónustu sérkennsluteymis skólaárið 2016-2017 verður svipaður.

Sérkennslutímum og tímum hjá þroska- og iðjuþjálfara var skipt sem jafnast milli nemenda með sérkennsluþarfir og/eða eftir einstaklingsmiðaðri þörf hvers og eins vegna raskana.

Nemendur með frávík í námi fengu annað hvort skert eða aðlagð námsefni, þ.e. reynt var að koma til móts við þá á þann hátt að þeir gætu sem best fylgt bekkjarfélögum sínum eftir í einstaka námsgreinum. Stuðningsfulltrúar voru inni í bekkjardeildum til að aðstoða kennara og vera einstaka nemendum með námsfrávík og/eða fatlanir sérstakur stuðningur og/eða að styðja samkennsluhópana í heild.

Aðstoð við próftöku/verkefni var einnig í boði í öllum bekkjum. T.d. fólst aðstoðin í upplestri á prófi, skrifað var fyrir nemendur og/eða prófspurningar umorðaðar og útskýrðar upp að vissu marki. Slík próf taka nemendur í einrúmi ásamt stoðkennara/stuðningsfulltrúa og próftími er lengdur.

---

#### 11.4 ÁBYRGÐ OG ÖNNUR VERKEFNI SÉRKENNSLUTEYMISS

---

Sérkennsluteymi bar sameiginlega ábyrgð á sérkennslu og þroska- og iðjuþjálfun í skólanum. Jafnframt voru ýmis önnur verkefni í höndum sérkennara og þroska- og iðjuþjálfra eftir atvikum, svo sem að halda utan um greiningargögn í samráði við skólastjóra, halda utan um sérkennslustofu/sérkennslugögn í samráði við sérkennsluteymi og stuðningsfulltrúa, sjá um innkaup á sérkennslugögnum, funda með sérfræðingum við komu, sitja skilafundi með þeim og foreldrum, sjá um að skrá niðurstöður Tove Krogh teikniverkefnisins í 1. bekk og skila til foreldra, sérfræðings og skólastjóra, skila greiningargögnum til foreldra um leið og þau berast frá sérfræðingum og vera í sambandi og samstarfi við aðrar stofnanir, svo sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, BUGL og talmeinafræðinga eftir atvikum. Einnig fengu nemendur með námsfrávik aðstoð í samræmdum prófum. Þá hefur sérkennsluteymið aðstoðað við að lestrarprófa á annaskiptum. Þá situr þroskaþjálfari nemendaverndarráðsfundi með skólastjóra, skólahjúkrunarfræðingi og félagsmála-fulltrúa. Aðstoð og upplýsingar til kennara og stuðningsfulltrúa eru hluti af starfssviði sérkennsluteymisins. Gerð einstaklingsnámskráa er í höndum umsjónarkennara með aðstoð og leiðsögn sérkennsluteymis, sem er unnin í samstarfi við foreldra og stuðningsfulltrúa eftir atvikum og að undangengnum fundi/fundum með hlutaðeigandi.

---

#### 12.5 INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR SÉRKENNSLUNNAR

---

Dyslexia/sértæk lestrarröskun er einn helsti vandi nemenda í grunnskóladeild og hefur megináhersla sérkennslunnar verið fólgin í lestrarþjálfun allt að 4 sinnum í viku í vetur, upp í 7. bekk. Nemendur lásu alls 1668 blaðsíður í vetur hjá þroskaþjálfra og iðjuþjálfra, með hljóðaaðferð og endurtekningar- og víxllestri. Allir nemendur eru í framför í þeim þáttum sem sérkennslan hefur beinst að, misjafnlega mikilli, sem fer eftir hömlun/röskun hvers og eins. Nemendahópurinn í heild sinni hefur tekið

miklum framförum í lestri. Þrjú nemendur fóru í Davis-leiðréttingu í haust og var haldið áfram að vinna með það í skólanum í vetur, eftir leiðbeiningum frá Guðrúnu J. Benediktsdóttur, lesblinduráðgjafa.

---

## 12.6 INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR IÐJUBJÁLFUNARINNAR

---

Í iðjubjálfun felst sérþekking á daglegri iðju mannsins. Þá er átt við allt sem fólk innir af hendi í daglegu lífi í þeim tilgangi að annast sig og sína. Iðjubjálfun snýst um að efla og viðhalda færni barna í athöfnum sem eru þeim mikilvægar. Lögð er áhersla á að þjálfun fari fram í gegnum leik, þar sem helsta iðja barna á þessum aldri er leikurinn. Skólaárið 2015-2016 hafa átta nemendur verið í almennri iðjubjálfun í grunnskóladeild Reykhólaskóla. Aðaláherslan í þjálfuninni hefur verið á fín- og grófhreyfingar og að efla samhæfingu í hreyfingum. Einnig hefur verið unnið með einbeitingu, athygli og úthald við verkefnavinnu, rökhugsun, samhæfingu augna og handa, jafnvægi, minni, talnaskilning, pörun og snerpu. Í þjálfuninni hefur auk þess verið unnið með stærð og lögun hluta og liti. Til þess að þjálfar ofangreind atriði hafa verið notuð ýmis spil, leikföng, hlutverkaleikir, æfingar og ýmis verkefni. Iðjubjálfi hefur auk þess verið stuðningur við nemendur inni í bekk og aðstoð við próftöku.

---

## 12.7 INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR ÞROSKAÞJÁLFUNARINNAR

---

Þroskaþjálfar eru fagstétt sem sérstaklega hefur menntað sig til að starfa með fólki á öllum aldri sem býr við mismunandi skerðingu, svo sem andlega eða líkamlega eða skerta félagsfærni. Þroskaþjálfun byggir á breiðum fræðilegum grunni sem grundvallast m.a. í uppeldis-, félags-, heilbrigðis-, sálar- og siðfræðum.

Þroskaþjálfari vinnur með teyimum skólans, að þjálfun og stuðningi bæði við einstaka nemendur og námshópa.

Frá skólabyrjun hafa verið sex nemendur hitt þroskaþjálfar, allir úr grunnskóladeild. Þroskaþjálfari vann með þrjú nemendur í Davis-leiðréttingu í vetur. Einnig hefur þroskaþjálfari unnið í samvinnu með iðjubjálfa við lestrakennslu. Í einstaklingstímum

hefur verið unnið með fínhyfingar, samhæfing augna og handa. Athygli og einbeiting var æfð með það í huga að auka úthald við ýmsa verkefnavinnu. Ennfremur var félagsfærni, samskipti, málörvun og tjáskipti æfð. Þroskaþjálfari útbýr ýmiskonar þjálfunar- og námsgögn, í samvinnu með iðjuþjálfara.

Áslaug Guttormsdóttir, sérkennari.

Andrea Björnsdóttir, þroskaþjálfari.

Sandra Rún Björnsdóttir, iðjuþjálfari.

## 13. SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA

Í vetur voru allir samkennsluhópar með 2 tíma á viku nema 7.-10.bekkur sem voru tvo tíma aðra hverja viku í textíl.

Í textíl var skapandi vinna höfð að leiðarljósi, nemendum leiðbeint með ákveðin vinnubrögð, en fengu oft frjálstar hendur með verkefnaval.

Í vetur var sem fyrr lögð áhersla á endunýtingu á gömlu og notuðu efni. Nemendur fengu sem fyrr allnokkurt frjálst verkefnaval innan ákveðins ramma. Nemendur komu með hugmyndir sem oftast var hægt að koma til móts við, en það eykur að jafnaði sköpunargleði þeirra.

### 1. bekkur

- ✓ Teiknaði sjálfsmynd á striga og saumaði þræðispor í helstu útlínur
- ✓ Fingraprjónaði
- ✓ Frjálst hönnun úr efnisafgöngum
- ✓ Saumaði óskasteinapoka úr fílti
- ✓ Gerðu orm úr fílti og perlum

### 2. bekkur

- ✓ Fíltfígúrur
- ✓ Vefur með efnisræmur á grind
- ✓ Fingraprjón, frjálst hönnun
- ✓ Vélsaumsæfingar á blöð
- ✓ Fingrabrúður
- ✓ Frjálst hönnun úr verðlitlu efni

### 3. bekkur

- ✓ Vélsaumsæfingar á blöð
- ✓ Taska í vélsaum úr óbleiðu lérefti, skreytt með vélsaumssporum og lengjur saumaðar saman og fóðraðar, fingraprjónuð bönd
- ✓ Furðuverur úr fílti
- ✓ Flíspúði bundinn saman
- ✓ Vefur á spjald
- ✓ Frjálst hönnun úr verðlitlu efni

### 4. bekkur

- ✓ Vélsaumur: Pennaveski með rennilás
- ✓ Krosssaumur
- ✓ Garðaprjón, bangsi, kisa

- ✓ Flíspúði bundinn saman
- ✓ Frjáls hönnun úr verðlitlu efni

**5.-6. bekkur**

- ✓ Vélsaumur, náttbuxur, bútasaums-púðaver, húfur
- ✓ Einföld prjónaverkefni, garðaprijónsvettlingar (ólokið), svitabönd, eyrnabönd, dýr o.fl.
- ✓ Frjáls hönnun úr verðlitlu efni

**7.-10. bekkur**

- ✓ Vélsaumur, púðar, veski, barnaföt, pottaleppar, grjónaherðapúðar, koddaver, frjáls hönnun
- ✓ Prjónaðar buddur, húfa, heklaður púði
- ✓ Nemendur höfðu allnokkurt val um hönnun og útlit verkefna

Steinunn Rasmus, handmenntakennari.

## **14. SKÝRSLA TÓNMENTAKENNARA**

---

Nemendur í 1.-4. bekk fengu tónmenntakennslu í vetur, 1 tíma á viku.

Mikið sungið, gömul sígild lög, lög úr þekktum barnaleikritum o.fl. Teiknað eftir tónlist, hlustað á ýmsar tegundir tónlistar, túlkað, rætt um upplifun af tónlist, unnið með takt og hrynjandi.

Lög úr gömlum söngvakeppnum skoðuð og höfðu nemendur almennt mjög gaman af því.

Nemendur voru almennt áhugasamir og sýndu alls konar tónlist áhuga.

Ákveðið að syngja nokkur lög við skólaslitin og voru nemendur mjög ánægðir með það.

Steinunn Rasmus, tónmenntakennari.

---

## 15. SKÝRSLA MYNDMENNTAKENNARA

---

Myndmennt er kennd í 1.-10. bekk í 80 mínútur í senn. Samkennsluhópar skiptast þannig, að 1.-2. bekkur, 3.-4. bekkur, 5.-6. bekkur og 7.-10. bekkur eru saman.

Myndmennt kenndi Rebekka Eiríksdóttir.

---

### 15.1 KENNSLUAÐFERÐIR

---

Verkefni eru lögð fyrir í upphafi tímans. Þau eru útskýrð og nemendum kynnt hvaða kennslugögn, efni og áhöld eru nauðsynleg til verkefnavinnunnar. Nemendur eru aðstoðaðir eftir þörfum. Ýtt er undir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði nemenda. Verkefnin eru oftast unnin sem einstaklingsverkefni en einnig eru gerð hópaverkefni. Reynt er eftir fremsta megni að hafa verkefnin skemmtileg, krefjandi og skapandi. Einnig er leitast við að nýta sér tölvutækni til upplýsingaöflunar og verkefnavinnu.

---

### 15.2 NÁMSEFNI/GÖGN

---

Notast er við tölvur, m.a. við að afla upplýsinga um listamenn og verk þeirra og einnig til að finna myndir til að vinna eftir. Stuðst við kennslubækurnar Myndmennt 1 og 2, sem og listaverkabækur. Öllum verkefnum er safnað saman í eina möppu og þar eru bæði skissur og fullunnin verk.

---

### 15.3 NÁMSMAT

---

Verk nemenda eru metin til einkunna. Símat er í gangi allan veturinn. Einnig er tekin til greina virkni og frumkvæði nemenda, svo og umgengni í vinnustofu.

Rebekka Eiríksdóttir, myndmenntakennari.



---

## 16. SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA

---

Samkennsluhópar í smíði voru þannig að 1.-2. bekkur, 3.-4. bekkur, 5.-6. bekkur og 7.-10. bekkur voru saman. 1.-2. bekkur, 3.-4. bekkur og 7.-10. bekkur fengu smíði hálfan veturinn. 5.-6. bekkur voru í smíði allan veturinn.

Smíði kenndi Rebekka Eiríksdóttir.

---

### 16.1 KENNSLUAÐFERÐIR

---

Verkefnavinnu er þannig háttað að kennari leggur fyrir skylduverkefni þar sem nemandinn getur útfært og hannað verkefnið. Þegar skylduverkefninu er lokið velur nemandi sér verkefni. Verkefnin skiptast þannig í skyldu- og valverkefni. Verkefnum er skipt eftir getustigi nemenda, útskýrð eru kennslugögn, efni og áhöld og nemendur aðstoðaðir eftir þörfum. Ýtt er undir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði við vinnu nemenda. Farið er yfir heiti á verkfærum og öryggisatriði.

---

### 16.2 NÁMSEFNI

---

Stuðst er við kennslubækur í smíði, ýmsar bækur með hugmyndum að smíðahlutum sem og verkefnabrunna á vefnum.

---

### 16.3 NÁMSMAT

---

Verk nemenda eru metin til einkunna. Símat er í gangi allan veturinn. Einnig er tekin til greina virkni nemenda, svo og umgengni í vinnustofu.

Rebekka Eiríksdóttir, smíðakennari.

---

## 17. SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA

---

Nemendur í Reykhólaskóla eru í heimilisfræði frá 1. til 10. bekkjar. Nemendur í 1.-4. bekk eru 2 kennslustundir á viku hálf t skólaárið og á móti eru þeir í smíði. Nemendur í 5.-6. bekk eru allan veturinn í heimilisfræði. Nemendur í 7.-10. bekk eru aðra hvora viku. Ásta Sjöfn sá um að kenna nemendum í 1.-4. bekk og Jóhanna Ösp sá um kennslu í 5.-6. bekk.

---

### 17.1 KENNSLUÁÐFERÐIR

---

Verkefnum var hagað eftir getu nemenda hverju sinni. Áhersla hjá yngsta stigi var á almennt hreinlæti, að fara eftir einföldum fyrirmælum og öðlast færni í mælingum. Nemendur á miðstigi voru látnir elda einfaldar uppskriftir og tileinka sér helstu matreiðslu- og bökunaraðferðir. Lögð var áhersla á frágang í eldhúsi og að umgangast eldhúsið af virðingu og varast þær hættur sem þar eru. Nemendur á unglíngastigi fengu ögn flóknari uppskriftir og þurftu að leggja sig fram við að skipuleggja tímann sinn í eldhúsinu.

5.-6. bekkur héldu foreldraskvöld og sá um undirbúning í heimilisfræði.

---

### 17.2 NÁMSEFNI OG NÁMSMAT

---

Stuðst var við kennslubækur í heimilisfræði frá Námsgagnastofnun og annað efni frá kennara. Námsmat var þannig, að verk nemenda voru metin til einkunna. Símat var í gangi allan veturinn. Einnig var tekin til greina virkni nemenda, svo og umgengni í eldhúsi. Þar að auki fylltu nemendur 5.-6. bekk út sjálfsmat og var tekið mið af því við umsögn um nemanda.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Jóhanna Ösp Einarsdóttir.

---

## 18. LÍFSLEIKNI

---

Nemendur í 7.-10. bekk voru í lífsleikni aðra hvora viku á móti handmennt. 7.-8. bekkur voru saman aðra hvora viku og 9.-10. bekkur þar á móti. Einnig voru viðburðir þar sem allir í 7.-10. bekk voru saman, sem og tími bara fyrir stelpur og tími bara fyrir stráka þar sem rædd voru málefni sem hefðu geta talist viðkvæm í blönduðum hópi. Kennari var Jóhanna Ösp Einarsdóttir.

---

### 18.1 KENNSLUAÐFERÐIR

---

Verkefnin voru fjölbreytt og spönnuðu margskonar efni, en þar má helst nefna félagsfærni (ræðumennska, umræður, samtalstækni o.fl.), sjálfsmynd (hver er ég, og hvernig vil ég vera), tilfinningar, mannréttindi, kynfræðslu og margt margt fleira.

---

### 18.2 NÁMSEFNI OG NÁMSMAT

---

Námsefni var unnið úr Kompás – Handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk, ásamt kennslumyndböndunum „Fáðu Já“ og „Stattu með þér“. Að auki fann kennari efni, myndbönd og tilbúna fyrirlestra á internetinu.

Hver nemandi fékk umsögn um þátttöku í tímum fyrir áramót og aðra umsögn í lok vetrar.

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, tómstundafulltrúi.

## 19. VAL

Fjórir kennarar sáu um val að þessu sinni og var það á miðvikudögum eftir hádegi. Kennarar í vali voru Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Rebekka Eiríksdóttir leiðbeinandi, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir kennari og Jóhanna Ösp Einarsdóttir tólmstundafulltrúi. Einnig var leitað til annarra kennara til að vera með námskeið og gekk það mjög vel. Námskeiðin voru ýmist fjórar eða þrjár vikur og reynt var að hafa þau sem fjölbreyttust fyrir nemendum. Að meðaltali voru 10-15 nemendur á öllum aldurstigum í hverjum hópi.

- ✓ Að búa til teiknimyndir
- ✓ Fótbolti
- ✓ Íþróttir – kastgreinar
- ✓ Íslenskar þjóðsögur
- ✓ Viltu læra mannganginn? (Indiana Svala Ólafsdóttir)
- ✓ Lærðu að tálga
- ✓ Ólympíuleikarnir
- ✓ Búðu til þitt eigið borðspil
- ✓ Leiklist
- ✓ Dagatal fyrir árið 2016
- ✓ Hornafjarðarmanni
- ✓ Andlitsmáling
- ✓ Útileikir
- ✓ Perla
- ✓ Skrautskrift (Björk Stefánsdóttir)
- ✓ Eurovision 1956-2016
- ✓ Leyniletur
- ✓ Pappírsbrot
- ✓ Tækifæriskort
- ✓ Vinabönd
- ✓ Borðspil

Valtímar hafa mælst vel fyrir hjá nemendum og er stefnt að því að vera með val næsta vetur.

---

## 20. FERÐALÖG Á VEGUM REYKHÓLASKÓLA

---

Í Reykhólaskóla hefur myndast ákveðin hefð að fara í haustferðalag með nemendum grunnskólans. Eftir að skólarnir sameinuðust var ákveðið að prófa að fara með leikskólabörnin líka. Eftir að hafa reynt það var komist að þeirri niðurstöðu að það myndi ekki henta að fara með báðar deildir saman í haustferðalag.

Skólaferðalög hjá Reykhólaskóla eru í föstum skorðum og er passað upp á að allir fari í eins eða svipuð ferðalög.

*Nemendur í 1.-4. bekk fara í dagsferð frá skólanum.*

- ✓ 1. ár – farið í Strandabyggð (t.d. Þverárvirkjun, Galdrasafnið, Sauðfjársetrið, fjara)
- ✓ 2. ár – farið í Barmahlíð (t.d. farið í skóginn, fjara, Seljanes, Gamla-Sel)
- ✓ 3. ár – farið í Borgarlandið að Bjartmarssteini (t.d. góð gönguferð og grillað í fjörunni)
- ✓ 4. ár – farið í Dalina (t.d. Eiríksstaðir, MS Búðardal, sund á Laugum)

*Nemendur í 5.-7. bekk fá að gista eina nótt.*

- ✓ 1. ár – Snæfellsnes (t.d. sigling, Eldfjallasafnið, Bjarnarhöfn, Helgafell, Djúpalónssandur, Eldborg)
- ✓ 2. ár – Suðurland (t.d. Gullfoss og Geysir, Draugasafnið, Veiðisafnið, kynnisferð hjá Kjörís)
- ✓ 3. ár – Borgarfjörðurinn (t.d. Landnámssetrið í Borgarnesi, Reykholt, Hraunfossar, Grábrók, Paradísarlaut)

*Nemendur í 8.-10. bekk fá að gista í 2 nætur.*

- ✓ 1. ár – Skíðaferð norður (t.d. skíði, bíóferð, keila, söfn)
- ✓ 2. ár – Ævintýraferð (t.d. farið í Skagafjörðinn í River rafting o.fl.)
- ✓ 3. ár – Danmörk (t.d. hafa nemendur heimsótt danska skóla eða farið í skemmtiferð í Kaupmannahöfn þar sem nemendur fá að upplifa ýmislegt í fyrsta sinn)

Einnig fara nemendur í 8.-10. bekk á Smiðjuhelgar tvisvar sinnum yfir skólaárið, annað hvort á Varmalandi eða Kleppjárnsreykjum.

Aðrar ferðir eru síðan metnar hverju sinni. Skólaárið 2015-2016 var farið með nemendur í 4.-5. bekk á barnamenningarhátíð í Reykholti og nemendur í 6.-10. bekk í Háskóla unga fólksins í Búðardal.

---

## 20.1 HAUSTFERÐALAG

---

Að þessu sinni var farið í haustferð inn í Teigsskóg fimmtudaginn 17. september. Allir nemendur grunnskólans fóru og sáu starfsmenn og kennarar um aksturinn.

Grunnskólanemendur úr Gufudal komu með skólabíl og urðu eftir hjá Andreu við Teigsskóg. Nemendur í Innsveitinni fóru með skólabíl í Bjarkalund þar sem starfsmenn biðu eftir þeim. Komið var í Gröf um kl. 09.10. Einn starfsmaðurinn fór á bíl þar sem einn nemandi var á hækjum og fór jafnframt með hádegisverðinn og grillið. Það tekur um 50 mínútur að ganga aðra leiðina. Þegar nemendur voru komnir á áfangastað var stoppað í nesti.

Krakkarnir fengu svo að vera í frjálsum leik í eina og hálf klukkustund. Þeir komu með bolta og frísbídiska og skólinn sá um að koma með kubb.

Grillað var í fjörunni, pylsur og meðlæti. Útivistargrillið sem Kvenfélagið gaf skólanum var notað.

Komið var á Reykhóla kl. 13.30 þar sem allir nemendur nema 4. og 7. bekkur fóru í sund. Nemendur í 4. og 7. bekk fóru í árlega læknisskoðun.

Dagurinn var hin besta skemmtun.

---

## 20.2 MIÐSTIGSLEIKAR Í BORGARNESI

---

Ákveðið var að endurvekja íþróttadag samstarfsskólanna.

Nemendum á miðstigi var boðið að taka þátt í leikunum og voru ýmsar keppnisgreinar í boði, svo sem kastgreinar, hlaup, stökk og fótbolti. Nemendur á

miðstiginu eru 16 talsins. Ákveðið var að þeir nemendur sem vildu ekki keppa yrðu heima. Aðeins tveir nemendur vildu ekki taka þátt í leikunum.

Þær Kolfinna Ýr og Svanborg íþróttakennarar fóru með nemendum og stóðu þeir sig með þryði.

Vilberg skólabílstjóri og Kolfinna Ýr sáu um aksturinn á milli.

---

### 20.3 BARNAHÁTÍÐ Í REYKHOLTI 2016

---

Nemendum á miðstigi stóð til boða að taka þátt í barnamenningarhátíð í Reykholti þar sem yfirskriftin var Snorri Sturluson og miðaldir. Skólar í Borgarfirðinum mættu á hátíðina.

Nemendur í 4.-5. bekk höfðu sýnt leikritið „Sturlunga á 10 mínútum“ á árshátíð skólans vorið 2015. Ákveðið var að fara og framlag Reykhólaskóla var að sýna leikritið. Lagt var af stað frá Reykhólaskóla kl. 7. Mæting var í Reykholt kl. 10 og var byrjað á því að sýna leikrit nemenda tvisvar sinnum í gömlu kirkjunni í Reykholti.

Nemendur fengu að borða á staðnum. Eftir hádegi var stöðvarvinna og var nemendum skólans skipt í tvo hópa. Smiðjurnar sem var boðið upp á voru ritsmiðja, matarsmiðja, ratleikur og járnsmiðja. Komið var heim um kl. 18.

Vilberg skólabílstjóri sá um akstur ásamt Kolfinnu Ýri Ingólfssdóttur og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir var einnig með.

---

### 20.4 HÁSKÓLALESTIN Í BÚÐARDAL

---

Háskóli unga fólksins kom í Búðardal og var nemendum í 6.-10. bekk boðið að koma og taka þátt. Boðið var þegið með þökkum og fóru frá Reykhólaskóla 23 nemendur. Farið var föstudaginn 6. maí frá Reykhólaskóla kl. 8 og voru nemendur til kl. 14.

Auðarskóli bauð nemendum og starfsmönnum í hádegisverð. Starfsmenn skólans sáu um akstur, en það voru þær Anna Björg Ingadóttir, Áslaug Guttormsdóttir, Svanborg Guðbjörnsdóttir, Rebekka Eiríksdóttir og Indiana Svala Ólafsdóttir. Nemendur skólans völdu sér þrjár stöðvar sem þau vildu vinna á og var ýmislegt í boði, svo sem:

- ✓ Stjörnufræði
- ✓ Eðlisfræði
- ✓ Efnafræði
- ✓ Vindmyllusmíði

Dagurinn var hin besta skemmtun og eru nemendur reynslunni ríkari.

---

## 20.5 SMÍÐJUHELGI

---

Síðastliðin tíu ár hefur nemendum í 8.-10. bekk staðið til boða að taka þátt í smíðjuhelgum með grunnskólum Borgarfjarðar. Í stað þess að taka einn val tíma í skólanum hafa nemendur farið þangað. Nemendum stendur ýmislegt til boða og má þar nefna bakarasmíðju, vélsmíðju, björgunarsveitarsmíðju, körfuboltasmíðju, förðunarsmíðju o.fl.

Foreldrar hafa séð um aksturinn á milli og verið í gæslu. Einnig hefur einn kennari á vegum skólans farið á Smíðjuhelgarnar.

---

## 20.6 FERÐALAG NEMENDA Í 1.-4. BEKK

---

Skólaferðalag 1.-4. bekkjar var 19. maí. Að þessu sinni var farið yfir í Strandabyggð. Farið var frá skólanum kl. 9 á fjórum bílum með 19 nemendur. Orkubú Vestfjarða tók á móti okkur við Þverárvirkjun þar sem aðstæður voru skoðaðar, þaðan var farið á Galdrasafnið. Í hádeginu var borðað í Kaupfélaginu, pylsa, franskar og gos. Þaðan lá leiðin í fjöru við Kirkjuból og var heimkoma um kl. 15. Foreldrar og kennarar sáu um akstur.

---

## 20.7 FERÐALAG NEMENDA Í 5.-7. BEKK

---

**Miðvikudagur 18. maí.** Fyrst var stoppað í sjoppu í Búðardal þar sem allir birgðu sig upp af nammi, síðan komum við í Bjarnarhöfn þar sem Hildibrandur tók vel á móti



okkur og sýndi okkur bæði kirkjuna og sýninguna. Síðan var farið inn í Stykkishólms, borðað í Narfeyrarstofu, farið í sund og gíst í grunnskóla Stykkishólms.

**Fimmtudagur 19. maí.** Morgunmatur borðaður við höfnina, farið á Eldfjallasafnið og síðan í siglingu um Breiðafjörð með Sæferðum. Fengum pítsur um borð ásamt góðgæti af hafsbotni og allir skemmtu sér mjög vel. Síðan var stoppað við Helgafell þar sem allir hlupu upp, horfðu aldrei til baka og mæltu ekki orð af munnni á leiðinni og báru svo upp þrjár óskir í austurátt. Síðan var haldið heim á leið og komið heim rétt fyrir klukkan 18.

**Fyrirkomulag ferðarinnar:**

Krakkarnir komu með nesti fyrir morgunmat og 2 millimál.

Allir borguðu 5500 kr. í ferðina og fengu að hafa með sér 1.000 kr. í vasapening.

Innifalið í gjaldi nemenda var kvöldmatur í Narfeyrarstofu, sigling og pítsuhlaðborð.

Skólinn greiddi heimsóknirnar á Eldfjallasafnið og í Bjarnarhöfn ásamt sundi.

Fengum litla rútu frá Sveini á Staðarfelli sem Inda sá um að keyra.

Mjög vel heppnað skólaferðalag og krakkarnir alsælir bæði með náttúruperlurnar, söfnin og húsnæðið.

---

20.8 FERÐALAG NEMENDA Í 8.-10. BEKK

---

**Skíðaferðalag:**

Farið var til Akureyrar með unglingahópinum 8.-11. apríl og sá Inda um akstur.

Unglingunum hefur fjölgað jafnt og þétt og á þessum tímamarki voru þau orðin 12

en þó fóru bara 11 í ferðina. Þarna voru 2 nýir unglingar í hópnunum og var hópurinn

ekki lentur eftir að nýir nemendur komu inn. Því bar á smá valdabaráttu innan

strákahópsins í ferðinni, þó voru allir til fyrirmyndar út á við og engin stórvægileg

vandamál komu upp í ferðinni. Veðrið lék við hópinum og voru margir að taka sín fyrstu skref á skíðum.

**Dagur 1:**

Lagt af stað frá Reykhólaskóla kl. 12.45. Komið var á Akureyri um kl. 18. Farið að borða í keilusalnum og í keilu. Komið um kl. 20.30 í stéttarfélagssíbúðina þar sem gist var.

**Dagur 2:**

Vaknað kl. 8, morgunmatur og útbúið nesti fyrir daginn. Komið í fjallið kl. 9 og skíðað til kl. 16. Eftir það var farið í sund og síðan út að borða á Hamborgarafabrikkunni. Um kvöldið var kíkt á AK Extreme leikana í Gilinu. Heim kl. 22, undirbúningur undir svefn kl. 23 og ró kl. 23.30.

**Dagur 3:**

Vaknað kl. 8, morgunmatur og útbúið nesti fyrir daginn. Komið í fjallið kl. 9 og skíðað til kl. 16. Eftir það var farið í sund og síðan út að borða á Greifanum. Kl. 20 var svo farið í bíó að sjá *Maður að nafni Ove*. Komið heim kl. 22.30 og ró á miðnætti.

**Dagur 4:**

Vaknað og snæddur morgunmatur kl. 9, síðan var íbúðin þrífín og gengið frá öllu. Kl. 13 var farið á Mótorhjólasafnið og síðan endað á Brynjuís. Komið á Reykhóla kl. 19.

Starfsmenn í ferðinni voru Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Indiana Svala Ólafsdóttir, sem jafnframt sá um akstur.

## 21. FÉLAGSSTARF

Í byrjun vetrar voru tvær opnanir í viku, Klukkarinn, sem var hugsaður sem rólegur tími, fyrir heimanám, spil og fleira. Mæting var mun lélegri í vetur en fyrravetur. Hjá sumum umsjónarkennurum urðu foreldrar að kvitta fyrir lestur og því nýttist Klukkarinn þeim börnum ekki eins vel. Því var ákveðið að prófa annað og voru bootcamp-tímar tvisvar í viku fyrir 7. bekk og eldri. Það var góð mæting og tók Einar Kr. Sveinbjörnsson við þeim tímum eftir áramót. Félagsmiðstöðin var með vikulegar opnanir á fimmtudögum og var góð þátttaka. Eftir áramót var tekin sú ákvörðun að skipta hópnum upp, 5.-7. bekkur saman og 8.-10. bekkur saman á vissum viðburðum, þar sem hópurinn var orðinn mjög stór. Gekk það vel og verður þannig fyrirkomulag líka næsta vetur. Þó eru og verða ennþá viðburðir fyrir 5.-10. bekk þar sem allir eru saman. 1.-4. bekkur fékk vikulegar uppákomur í skólaseli á mánudögum. Var góð þátttaka, til dæmis voru tvær bíósýningar, þrjú diskótek, tvær vettvangsferðir þar sem aðrar stofnanir voru heimsóttar, og mörgum sinnum útivist, spil og föndur.

Unglingadeildin tók þátt í mörgum viðburðum utansveitar, mörg böll sem við sóttum, Samfestingurinn, ásamt því að halda stórt ball sjálf, þar sem Úlfur Úlfur og Emmsjé Gauti trylltu lýðinn. Fjáröflun vetrarins gekk vel og hefur hópnum gengið vel að safna fyrir Danmerkurferð sem farin verður í haust.

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, umsjónarmaður tólmstundarstarfs.

---

## 22. SKÝRSLA LEIKSKÓLADEILDAR

---

Börn á leikskólanum voru 21 talsins, sjö strákar og fjórtán stelpur. Frá ágúst og út desember var Bryndís deildarstjóri í 100% starfi og er hún jafnframt leikskólakennari og sérkennari. Eftir áramót kom Sigrún deildarstjóri aftur til starfa eftir fæðingarorlof og var í 70% starfi. Í leikskólanum starfa að jafnaði fjórir starfsmenn í 3,5 stöðugildum.

Í vor var unnið að verklagsreglum fyrir leikskóladeild. Hægt verður að nálgast reglurnar á heimasíðu skólans.

Starfið eftir áramótin hefur verið nokkuð erfitt þar sem mikil veikindi hafa verið hjá starfsmönnum skólans og því mikið álag á þeim sem eftir voru.

---

### 22.1 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

---

Aðalmarkmið leikskólans er að börnunum líði vel. Horft er á styrkleika og áhugamál hvers og eins og unnið út frá þeim. Við leggjum mikið upp úr að eiga gott samstarf við foreldra og forráðamenn, en það er mikilvægur liður í því að börnunum líði vel.

---

### 22.2 DAGLEGT STARF

---

Dagurinn byrjar á samverustund með söng og umræðum, sagðar eru sögur og fleira gert. Á mánudögum gefst börnunum tækifæri til þess að segja frá upplifunum helgarinnar í lok samverustundar.

**Hópastarf** Listasmiðja / málörvun og forlæsi.

Hópastarfið á eldri deildinni er tvískipt. Annars vegar er það listasmiðja, en þá fara börnin í listasmiðju í grunnskólabyggingunni. Þar fá þau útrás fyrir sköpunargleðina í gegnum hin ýmsu verkefni.

Hins vegar fara þau í hópastarf þar sem unnið er að forlæsi. Mikið er unnið út frá bókinni *Lubbi finnur málbein* og geisladiski sem fylgir, en í samveru er hlustað á diskinn og stafirnir lagðir inn.

Yngri deildin fer í listasmiðju á þriðjudögum og nýtir þá listasmiðju sem er á leikskóladeildinni. Þar kynnast börnin því að vinna með og skapa úr ólíkum efniviði. Málörvun á yngri deildinni fer fram í gegnum söng og lestur. Einnig er notast við plastaðar myndir sem hafa verið búnar til í skólanum og efnið Lærum og leikum með hljóðin.

**Útivera og hreyfing** eru stór þáttur í starfi leikskólans. Lögð er áhersla á að börnin læri að njóta útiverunnar, þau læri að klæða sig eftir veðri og öðlist færni í grófhreyfingum með því að vera úti. Farið er út á hverjum degi ef veður og aðstæður leyfa. Hvor deild hefur aðgang að íþróttasal leikskólans einu sinni í viku og þegar veður er vont er salurinn nýttur til þess að koma á móts við hreyfipörf barnana

**Á föstudögum** voru vettvangsferðir með eldri hópinn. Þá var farið út af skólalóðinni og út í náttúruna eða staðir í nærumhverfinu skoðaðir. Markmiðið er að kynna börnunum það umhverfi sem þau búa í, en það er að okkar mati lykilinn að því að vekja áhuga þeirra á sjálfbærni.

**Hádegismatur** er borðaður í matsal Reykhólaskóla. Eftir hádegismatinn var hvíld þar sem yngri börnin hvíla sig á dýnum meðan þau hlusta á tónlist eða sögur. Þeim eldri var skipt í tvo hópa og lesið fyrir þau. Bækurnar sem voru lesnar voru skráðar á blöð og þau hengd upp á vegg þannig að það myndaðist langur ormur.

---

## 22.3 SAMFELLA MILLI SKÓLASTIGA

---

Skólahópur var tekinn út í sérstök verkefni sem tengdust undirbúningi skólagöngu. Verkefnin voru fjölbreytt og var val á þeim miðað við þarfir hópsins hverju sinni. Skólahópurinn var með 1. og 2. bekk í leikfimi tvisvar í viku. Þegar skólaárið var komið vel af stað fékk skólahópurinn að koma í tíma hjá 1. og 2. bekk fjórum sinni í viku og féllu þá verkefnin innan leikskólans niður á móti.

Á föstudögum hafði leikskólinn aðgang að listasmiðju og fór þá öll leikskóladeildin þangað og vann að verkefnum. Eins höfðum við aðgang að íþróttasal skólans og bókasafninu einu sinni í viku. Leikskólinn hafði aðgang að skólaseli þegar ekki var starfsemi þar. Allt þetta

gerir það að verkum að góð samfella skapast milli skólastiga og börnin þekkja grunnskólaumhverfið vel þegar þar að kemur. Skólaselið kom í heimsókn í útiveru eftir hentisemi og samkomulagi.

Á miðvökudögum koma tveir nemendur af elsta stigi grunnskólans og lesa fyrir börnin í leikskólanum. Við erum stolt af því að vera með mikla og góða samfellu í námi, en þeir þættir sem lögð er áhersla á að samþætta eru byggðir á því hvað það er sem getur valdið börnum kvíða þegar þau flytjast.

**Skóli á grænni grein.** Þeim mat sem börnin leifa er safnað í fötur og hann nýttur sem fóður fyrir hænur. Þetta er rætt við börnin og þau eru mjög ánægð og meðvituð um að hænurnar fái afgangana svo þeir fari ekki til spillis heldur nýtist áfram.

Á hverjum degi var valinn einn á leikskólanum til að vera þjónn og veðurfræðingur. Hann gegnir því hlutverki að gá til veðurs, undirbúa kaffið og ganga frá.

Sigrún Kristjánsdóttir, deildarstjóri.

---

## 23. SKÝRSLA SKÓLASTJÓRA

---

Skólastjóri skilar inn skýrslum um stöðu skólamála á hverjum fundi sem mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps heldur. Þær eru birtar hér að neðan í tímaröð.

---

### 23.1 1. ÁGÚST TIL 1. NÓVEMBER 2014

---

#### Ágúst

Skólastjóri mætti til starfa 5. ágúst. Samkvæmt skráningu í skólann þá hafði fjölgað um 7 nemendur í grunnskólanum. Við þær upplýsingar var ákveðið að skipta elsta hópnum í tvennt þar sem of mikið er að kenna 15 nemendum í fjórum árgöngum saman. Við það fjölgaði kennslustundum úr 160 í 163 kennslustundir.

- Fimm grunnskólakennarar í 5 stöðugildum
- Einn leiðbeinandi í 0,7 stöðugildi
- Einn leiðbeinandi í 0,3 stöðugildi
- Einn þroskajálfi í 0,9 stöðugildi
- Einn iðjuþjálfari í 0,4 stöðugildi
- Tveir skólaliðar í 1,5 stöðugildi
- Fjórir stuðningsfulltrúar í 3 stöðugildum
- Deildarstjóri á leikskóla í 1 stöðugildi
- Þrír starfsmenn á leikskóla í 2,6 stöðugildum
- Skólastjóri í 1 stöðugildi

*Samtals 20 starfsmenn í 16,4 stöðugildi, sem er lækkun frá síðasta ári.*

Einn starfsmaður er í fæðingarorlofi.

Byrjað var á að undirbúa stundaskrána. Skólastjóri fékk úthlutað allt að 163 kennslustundum á viku, en þegar upp var staðið voru nýttar 162 kennslustundir.

*Grunnskólanum er skipt í 5 bekkjardeildir:*

- 1.-2. bekkur: 9 nemendur
- 3.-4. bekkur: 12 nemendur
- 5.-6. bekkur: 11 nemendur
- 7.-8. bekkur: 9 nemendur
- 9.-10. bekkur: 10 nemendur

*Leikskólinn er ein deild með 15 nemendur en tvo hópa:*

- Eldri deild (3.-5 ára): 9 nemendur
- Yngri deild (1.-2 ára): 6 nemendur

Starfsmenn leikskólans mættu til vinnu 10. ágúst og voru fyrstu tveir dagarnir til þess að undirbúa húsnæðið. Síðasta vetur kom í ljós að kjallarinn væri með óeinangrað gólf og kominn var upp raki. Því var ákveðið að þrengja verulega að leikskólanum og er hann einungis með efri hæðina í leikskólanum. Einnig er verið að endurbæta anddyri leikskólans og nota nemendurnir innganginn hjá grunnskólanum. Hefur þetta fyrirkomulag gengið framár vonum og eiga starfsmenn leikskólans heiður skilinn fyrir þolimæði.

Fyrstu nemendur mættu til skóla 12. ágúst. Tvö börn voru í aðlögun þetta haust og gekk það mjög vel.

Í ágúst starfaði Bergljót með okkur en hætti síðan 1. september eftir 20 ára starf hjá stofnuninni. Þökkum við henni kærlega fyrir samstarfið.

Kennarar mættu til starfa mánudaginn 15. ágúst. Búið var að skipuleggja tvö námskeið. Farið var á námskeið hjá Vöndu Sigurgeirsdóttur í Reykjavík um einelti og félagsfærni barna og síðan var farið á Hólmavík á námskeið hjá Önnu Sigríði Jökulsdóttir sálfræðingi um þróun sjálfsmyndar og sjálfsmynd barna, hvernig hægt er að styrkja sjálfsmynd barna og hvernig hægt er að setja sér markmið í starfi. Starfsmenn voru duglegir að mæta á námskeiðin.



Skólasetning grunnskóladeildar var mánudaginn 24. ágúst. Því miður hafði nemendum þá fækkað niður í 47 þar sem tveir fluttu á Akranes. Sex nýir nemendur komu í 1. bekk og einn í 9. bekk. Skólastarf byrjaði vel og virtust nemendur koma ágætlega undan sumri.

### ***Tónlist fyrir alla***

Kalli Olgeirs og Sigga Eyrún komu og kynntu söngleiki fyrir nemendum Reykhólaskóla. Meðan á því stóð bjuggu þau til söngleikinn „Óléttu konan“ þar sem Sigrún, Freyja, Jónas og Geir léku aðalhlutverk. Fengu nemendur tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri. Þetta var hin besta skemmtun.

## **September**

### ***Miðstigsleikarnir í Borgarfirði 1. september***

Nemendum á miðstigi var boðið að taka þátt í leikunum og voru ýmsar keppnisgreinar í boði, svo sem kastgreinar, hlaup, stökk og fótbolti. Nemendur á miðstiginu eru 16 talsins. Ákveðið var að þeir nemendur sem vildu ekki keppa yrðu heima. Aðeins tveir nemendur vildu ekki taka þátt í leikunum. Þær Kolfinna Ýr og Svanborg íþróttakennarar fóru með nemendum og stóðu þeir sig með þryði. Vilberg og Kolfinna Ýr sáu um aksturinn.

### ***Umboðsmaður barna 1. september***

Umboðsmaður barna, Margrét María, kom í heimsókn í skólann og hitti nemendur í 8.-10. bekk. Fór hún aðeins yfir það með nemendum hver væru þeirra réttindi, og jafnframt skyldur.

### ***Vanda Sigurgeirsdóttir 8. september***

Vanda Sigurgeirsdóttir hélt námskeið fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra í Reykhólaskóla. Þar var fjallað um einelti og félagslegan þroska. Nemendur voru mjög áhugasamir og tóku virkan þátt. Foreldrar mættu vel á fyrirlesturinn um kvöldið.

### ***Nám og gleði 15. september***

Að þessu sinni var ákveðið að foreldrar kæmu til umsjónarkennara þar sem hann færir

yfir það námsefni sem nemendur ættu að læra yfir veturinn. Eftir námskynninguna var aðalfundur foreldrafélagsins þar sem ný stjórn var kosin.

### ***Haustferð Reykhólaskóla 17. september***

Að þessu sinni var farið í haustferð inn í Teigsskóg. Allir nemendur grunnskólans fóru og sáu starfsmenn og kennarar um aksturinn.

### ***Samræmd próf 21.-25. september***

Samræmd próf voru vikuna 21.-25. september. Ellefu nemendur reyndu sig við samræmd próf, tveir nemendur í 10. bekk, fjórir í 7. bekk og fimm í 4. bekk.

Niðurstöður prófanna fyrir 10. bekk eru komnar og stóðu nemendur sig með prýði, en niðurstöður frá 4. og 7. bekk eru ókomnar.

## **Október**

### ***Skólalaping Vestfjarða 1. október***

Fjórir starfsmenn frá Reykhólaskóla mættu á Skólalaping Vestfjarða. Voru þeir mjög ánægðir með þingið.

### ***Forvarnardagurinn 7. október***

Rebekka og Jóhanna tóku að sér ratleik um tölvuheima fyrir forvarnardaginn fyrir nemendur í 7.-10. bekk.

### ***Landsmót Samfés 9.-11. október***

Fjórir nemendur á vegum unglingadeildar fóru á vegum félagsmiðstöðvarinnar Skrefsins á landsmót Samfés. Jóhanna Ösp var fararstjóri.

### ***Gideonfélagið 12. október***

Félagar úr Gideonfélaginu komu og gáfu nemendum í 5. bekk Nýja testamentið.

### ***Öfugsnúni dagurinn 14. október***

Haldinn var Öfugsnúni dagurinn fimmtudaginn 14. október, þar sem nemendur og kennarar mættu öfugsnúnir til vinnu. Dagurinn var mjög skemmtilegur.

### ***Bleikur dagur 16. október***

Nemendur og starfsmenn mættu í bleiku í tilefni bleiks dags.

### ***Ungmennabúðir á Laugum 19.-23. október***

Á hverju ári fara nemendur 9. bekkjar í unglingsbúðir að Laugum í Sælingsdal. Að þessu sinni fóru þrjú nemendur í 9. bekk að Laugum vikuna 19.-23. október. Með í ferðinni var Jóhanna Ösp. Nemendur okkar voru til fyrirmyndar.

### ***Bangsadagur 27. október***

Stórir sem smáir mættu með bangsann sinn í tilefni Alþjóðlega bangsadagsins.

## **Nóvember**

### ***Sérfræðingar 5. nóvember***

Sérfræðingarnir okkar komu, þeir Brynjólfur G. Brynjólfsson sálfræðingur og Elmar Þórðarson talmeinafræðingur. Nokkur börn notfærðu sér þjónustu þeirra, bæði í leikskóla og grunnskóla.

### ***Starfsdagur 9. nóvember***

Starfsmenn grunnskóladeildar fóru í skólaheimsókn í Stykkishólmi. Þar var vel tekið á móti okkur og fengum við kynningu á hvernig þau hafa unnið með byrjendalæsi og hvernig skólastefnan þeirra var unnin.

### ***Foreldraviðtöl í leikskólanum***

Búið er að taka viðtöl við foreldra barna á leikskólanum.

### ***Húsnæði leikskólans***

Frá því að leikskóli hófst hefur verið unnið að endurbótum á neðri hæð leikskólans og anddyrinu. Á neðri hæðinni var gólf brotið upp og einangrað ásamt því að setja í það hitalagnir. Hæðin verður máluð ásamt því að setja ný gólfefni og nýjar hurðar. Nýjar tröppur voru smíðaðar við anddyrið og flísar settar á gólf. Bekkir í anddyrið keyptir.

### ***Tæki og tól Reykhólaskóla***

Búið er að setja upp skjávarpa í tveimur stofum. Tölvustofan var flutt úr bókasafni í gömlu tölvustofuna. Tölvustofan var máluð og dúklögð og ný borð sett í stofuna.

### **Hvað er framundan í Reykhólaskóla?**

- Brunaæfing slökkviliðsins 11. nóvember.
- Foreldraviðtöl barna í grunnskólanum fimmtudaginn 12. nóvember.
- Smiðjuhelgi í Varmalandsskóla fyrir nemendur í 8.-10. bekk. Einn starfsmaður og foreldri fara með nemendur.
- Þemavika 19. nóvember.
- Fullveldishátíð 27. nóvember.
- Jólafondur foreldrafélagsins 2. desember.
- Jólafondur Reykhólaskóla 3. desember.
- Jólabíó Reykhólaskóla 10. desember.
- Litlu jólin og jólafrí hefst 18. desember hjá grunnskóladeild.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir.

---

## 23.2 1. NÓVEMBER 2015 TIL 15. JANÚAR 2016

---

### **Nóvember**

#### ***Sérfræðingar 5. nóvember***

Sérfræðingarnir okkar þeir Brynjólfur G. Brynjólfsson sálfræðingur og Elmar Þórðarson talmeinafræðingur komu til okkar. Nokkur börn notfærðu sér þjónustu þeirra bæði í leikskóla og grunnskóla.

#### ***Starfsdagur 9. nóvember***

Starfsmenn grunnskóladeildar fóru í skólaheimsókn í Stykkishólmi. Þar var vel tekið á móti okkur og fengum við kynningu á hvernig þau hafa unnið með byrjendalæsi og hvernig skólastefnan þeirra var unnin.

#### ***Brunaæfing slökkviliðsins 11. nóvember***

Haldin fyrir nemendur í leikskólanum og grunnskólanum. Æfingin gekk nokkuð vel og náðist að bjarga öllum úr byggingunni. Það komu upp nokkrir hnökrar og var ákveðið að útbúa rýmingaráætlun fyrir skólann.

### ***Foreldraviðtöl grunnskólans 12. nóvember***

Foreldraviðtöl voru í Reykhólaskóla fimmtudaginn 12. nóvember kl. 15-18. Þar komu foreldrar og nemendur og hittu umsjónarkennarann sinn þar sem farið var yfir námslega stöðu nemenda. Gengu viðtölin vel og er mikilvægt að góð samskipti séu á milli heimilis og skóla.

### ***Smiðjuhelgi á Varmalandi 13.-14. nóvember***

Nemendur í 8.-10. bekk fara einu sinni á önn á smiðjuhelgi með grunnskólum Borgarfjarðar. Þar gefst þeim tækifæri til að læra eitthvað nýtt, svo sem danssmiðja, bakarasmíðja og náttúrufræðismíðja. Einnig fá þau tækifæri til að kynna jafnöldrum sínum. Áslaug fór sem fulltrúi skólans og Ingibjörg Smáradóttir sem fulltrúi foreldra og sáu þær um akstur.

### ***Þemavika 19.-25. nóvember***

Í tilefni Dags íslenskrar tungu var þemavika. Að þessu sinni tókum við fyrir viðfangsefnið Fullveldi Íslands og árið 1918. Fyrirkomulagið var þannig að kynningar á efninu sem kennarar tóku að sér voru inni á bókasafninu. Þar var kynning á frostavetrinum mikla, Kötlugosinu, Spænsku veikinni og fullveldi Íslands 1. desember. Síðan héldu umsjónarkennarar áfram að vinna með það, ásamt því að undirbúa atriði fyrir fullveldishátíðina.

### ***Fullveldishátíð Reykhólaskóla 27. nóvember***

Yfirskrift hátíðarinnar var „Fullveldi Íslands“. Að þessu sinni var ákveðið að vera með kaffihúsastemningu fyrir foreldra og nemendur. Nemendur voru með söngatriði og leikþátt og tóku nemendur leikskólans einnig þátt. Það mættu um 100 manns og tókst skemmtunin mjög vel.

## **Desember**

### ***Jólahefðir í Reykhólaskóla***

Síðastliðin ár hafa myndast þær hefðir í Reykhólaskóla að vera með jólaföndur hálfan dag, þar sem nemendur vinna á stöðvum við að útúa jólaföndur. Horft hefur verið á eina jólabíómynd eftir hádegi, að þessu sinni var það bíómyndin Home alone. Mikil

hefð er fyrir jólakortum og leggja nemendur sig fram við að búa til falleg jólakort fyrir nemendur og starfsmenn.

### ***Foreldrakaffi á leikskólanum 15. desember***

Foreldrum leikskólabarna var boðið í kaffi á leikskólanum. Börnin sungu fyrir foreldra og buðu upp á piparkökur sem þau höfðu bakað og skreytt. Mjög hátíðleg stund.

### ***Litlu jólin 18. desember***

Litlu jólin voru síðasta skóladaginn 18. desember. Dagurinn var með hefðbundnu sniði. Nemendur mættu kl. 9 og var byrjað á því að dansa kringum jólatré.

Aðstoðarjólásveinarnir í 10. bekk mættu á dansleikinn. Stofujólin voru svo haldin hjá umsjónarkennurum. Allir fóru svo í mat kl. 11.30 þar sem allir nemendur og starfsmenn borða saman. Hvert borð dró eina möndlugjöf sem skólastjóri hefur séð um að kaupa. Nemendur fóru síðan heim um kl. 12.15.

### ***Starfsemi leikskólans yfir hátíðirnar***

Leikskólinn var opinn til 23. desember. Mjög fá börn voru á leikskólanum, á bilinu 5-8 börn yfir daginn. Búið var að samþykkja að hafa lokað á milli jóla og nýárs og voru foreldrar látnir vita í tíma.

## **Janúar**

### ***Starfsdagur leik- og grunnskóla 4. janúar***

Byrjað var á nýju ári á starfsdegi hjá báðum deildum. Ekki var ákveðin dagskrá hjá starfsmönnum leikskólans, heldur unnu kennarar og starfsmenn að því að undirbúa komandi önn.

Miklar breytingar voru í leikskólanum. Bryndís deildarstjóri sem leyst hafði Sigrúnu af í fæðingarorlofi hætti og Sigrún kom aftur til starfa. Þökkum við Bryndísi kærlega fyrir góða viðkyrningu og frábært samstarf. Vegna fjölgunar barna var bætt við einum starfsmanni og nú eru stöðugildi leikskólans eftirfarandi:

- Deildarstjóri 0,7 stöðugildi.
- Almennir starfsmenn 3,5 stöðugildi.

### **Framkvæmdir og innkaup í leikskólanum**

Neðri hæðin á leikskólanum hefur verið í yfirhalningu. Núna eru framkvæmdir á lokasprettinum og vonast starfsmenn til að þau geti flutt í kjallarann núna á föstudaginn, þar sem þriðja barnið byrjar í aðlögun mánudaginn 18. janúar og það fjórða 25. janúar. Börnum á leikskóladeild mun fjölga úr 15 í 19 í byrjun febrúar.

### **Tæki og tól í Reykhólaskóla**

Búið er að kaupa þriðja skjávarpann fyrir skólann og verður hann settur upp í einni kennslustofunni uppi. Einnig voru keyptir hátalarar fyrir stofurnar. Beðið er eftir að skjávarpinn ásamt hátölurum verði settir upp. Búið er að setja upp þriðja skjávarpann og er óhætt að segja að það sé mikill bót að vera með þessa tækni í kennslu. Stefnt er að því að kaupa fleiri tölvur og taka tölvumálin í gegn. Keyptir þrír nýir kennarastólar.

### **Héraðs- og skólabókasafn Reykhólahrepps**

Nú er búið að setja bókasafnið undir Reykhólaskóla. Herdís Erna skólaliði er með umsjón með safninu. Það er opið fyrir útleigu mánudaga kl. 15-17, þriðjudaga kl. 9.10-9.50 og miðvikudaga kl. 10-10.40. Nemendur hafa hins vegar greiðan aðgang að safninu á öðrum tímum þó að þeir geti ekki tekið bækur á leigu.

### **Hvað er framundan í Reykhólaskóla?**

- 15. janúar. Einkunnir sendar heim til foreldra.
- 25.-29. janúar. Nemendur í 7. bekk fara að Reykjum í Hrútafirði.
- 8. febrúar. Starfsdagur í grunnskólanum.
- 24. febrúar. Sérfræðingar að sunnan.
- 7.-11. mars. Jón Pétur kemur og verður með danskennslu fyrir nemendur skólans. Nemendum fæddum árið 2010 og 2011 stendur til boða að vera með.
- 10.-16. mars. Þemavika í Reykhólaskóla. Níundi áratugurinn.
- 17. mars. Árshátíð Reykhólaskóla.
- 18. mars. Starfsdagur hjá leik- og grunnskóla. Páskafrí hefst.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir.

---

23.3 15. JANÚAR TIL 6. MAÍ 2016

---

## **Janúar**

### ***Reykir 25.-29. janúar***

Nemendur í 7. bekk fóru í hina árlegu ferð að Reykjum í Hrútafirði. Nemendur í 7. bekk eru 4 talsins og sá Inda um gæslu og akstur á milli staða. Nemendur voru til fyrirmyndar og skemmtu sér vel.

## **Febrúar**

### ***Starfsdagur 8. febrúar***

Starfsdagur var hjá starfsmönnum og kennurum grunnskóladeildar. Hálfur dagurinn var notaður í að vinna að læsisstefnu Reykhólaskóla og síðan unnu starfsmenn að sínum verkefnum.

### ***Foreldraviðtöl 15. febrúar***

Foreldraviðtöl voru í Reykhólaskóla fimmtudaginn 15. febrúar kl. 15-18. Þar komu foreldrar og nemendur og hittu umsjónarkennarann sinn þar sem farið var yfir námslega stöðu nemenda. Gengu viðtölin vel og er mikilvægt að góð samskipti séu á milli skóla og heimilis.

### ***Stærðfræðikeppni FVA 26. febrúar***

Hin árlega stærðfræðikeppni FVA fyrir unglिंगadeidina var haldin á Akranesi. Einn keppandi fór frá Reykhólaskóla, Aðalbjörg Egilsdóttir, og stóð hún sig með þryði. Foreldrar sáu um akstur.

## **Mars**

### ***Stóra upplestrarkeppnin 2. mars***

Nemendur í 7. bekk kepptu í Stóru upplestrarkeppninni á Hólmavík. Þrjú keppendur komu frá Reykhólaskóla og stóðu þeir allir sig með þryði. Sigurvegarinn að þessu sinni kom frá Reykhólaskóla og er það Júlía Rún Pálsdóttir.

### ***Danskennsla 7.-11. mars***



Jón Pétur danskennari kom og kenndi öllum grunnskólanemendum að dansa. Einnig stóð tveimur elstu árgöngunum til boða að taka þátt. Mjög góð þátttaka. Danssýning var svo þegar námskeiðið var búið og stóðu nemendur sig vel.

### ***Smiðjuhelgi á Varmalandi 11.-12. mars***

Nemendur í 8.-10. bekk fara einu sinni á önn á smiðjuhelgi með grunnskólum Borgarfjarðar. Þar gefst þeim tækifæri að læra eitthvað nýtt, svo sem danssmiðja, bakarasmíðja, náttúrufræðismíðja. Einnig fá þau tækifæri að kynnst jafnöldrum sínum. Áslaug hefur séð um að fara sem fulltrúi skólans og fór Egill Rúnar sem fulltrúi foreldra. Þau sáu jafnframt um akstur.

### ***Þemavika 10.-16. mars***

Að þessu sinni var ákveðið að hafa þemað ekki alltaf í „eldgamla“ daga og var 80' fyrir valinu. Nemendum var skipt niður í yngri og eldri og unnið var í hópum. Skoðuð var tónlist, tíska og málefni frá tímabilinu. Afraksturinn var svo sýndur á árshátíð Reykhólaskóla.

### ***Árshátíð Reykhólaskóla 17. mars***

Yfirskrift hátíðarinnar var Níundi áratugurinn eða 80'. Nemendur sýndu þekktu slagara frá tímabilinu og voru með tískusýningu. Einnig var afrakstur þemaviku sýndur á veggjum. Nemendur og starfsmenn klæddu sig upp í tengslum við þemað. Frábær skemmtun í alla staði.

### ***Starfsdagur 18. mars***

Starfsdagur var hjá starfsmönnum og kennurum Reykhólaskóla. Gengið var frá eftir árshátíðina og unnið að undirbúningi eftir páskaeyfi.

### ***Páskaleyfi grunnskólans 21.-28. mars***

Nemendur og starfsmenn grunnskólans voru í páskaeyfi þessa vikuna. Leikskólinn var opinn en þar var fámennt en góðmennt. Kennsla hófst aftur í grunnskólanum 29. mars.

## **Apríl**

### ***Dagur einhverfu 1. apríl***

Nemendur voru hvattir til að mæta í bláu á degi einhverfu. Andrea Þroskaþjálfari var með kynningu fyrir nemendum grunnskólans á því hvað einhverfa er.

### ***Rapp á Reykhólum 28. apríl***

Í fyrsta sinn fékk Reykhólaskóli að halda svokallað Lyngbrekkuball. Jóhanna Ösp hafði veg og vanda af því að skipuleggja viðburðinn. Ákveðið var að fá stór nöfn á staðinn og mættu þeir Emmsé Gauti og Úlfur, Úlfur ásamt DJ. Öllum samstarfsskólunum var boðið að koma ásamt grunnskólanum í Vesturbyggð og grunnskólum á Snæfellsnesi og Hólmavík. Alls komu 170 krakkar á staðinn. Foreldrar sáu um gæslu og að baka pítu fyrir mannskapinn.

## **Mái**

### ***Barnameningarhátíð í Reykholti 3. maí***

Nemendum á miðstiginu var boðið að koma og taka þátt í barnameningarhátíð í Reykholti í Borgarfirði. Yfirskrift hátíðarinnar var „Snorri Sturluson og miðaldir“. Nemendur í 4.-5. bekk fóru ásamt Kolfinnu og Ástu Sjöfn og sá Vilberg um akstur. Krakkarnir sýndu leikritið sitt frá árshátíðinni 2015 og stóðu sig mjög vel. Eftir hádegi voru smiðjur fyrir krakkana, eldsmiðja, ritsmiðja, matarsmiðja og ratleikur.

### ***Háskólalestin 6. maí***

Háskóli unga fólksins kom í Búðardal og stóð nemendum til boða að vera með. Því boði var vel tekið enda ekkert eins skemmtilegt að fara í heimsókn og gera eitthvað nýtt. Fimm kennarar fóru með nemendum og sáu þeir jafnframt um akstur.

### ***Framkvæmdir og innkaup í leikskólann***

Neðri hæðin á leikskólanum hefur verið í yfirhalningu. Nemendur yngri deildar fóru niður í lok janúar þrátt fyrir að ekki væri allt búið. Núna í maí hefur lítið gerst í að klára það sem eftir er og er farið að reyna verulega á þolrifin hjá starfsmönnum. Starfsmenn á neðri hæð geta ekki farið á salernin þar sem það vantar skilrúm fyrir. Vonumst við til að þetta verði klárað sem fyrst.

### **Hvað er framundan í Reykhólaskóla?**

- Evróvisionartí 9. maí.
- Próf og kannanir 9.-13. maí.
- Skólaferðalag fyrir miðstigið.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir.

---

## 23.4 TÍMABILIÐ 7. MAÍ TIL 30. JÚNÍ 2016

---

### **Maí**

#### ***Starfsmannamál***

Mikil veikindi og forföll hafa verið í leikskólanum eftir áramót. Ágústa er að jafna sig eftir aðgerð og kemur ekki aftur til starfa fyrr en í júní. Ákveðið var að Katla Sólborg sem hefur starfað sem stuðningsfulltrúi í 5.-6. bekk myndi flytja sig í leikskólann og vera þar út júní til að dekkja þau forföll sem voru fyrirsjáanleg. Anna Björg Ingadóttir tilkynnti að hún yrði ekki næsta vetur í skólanum. Búið er að auglýsa stöðuna hennar á vef Reykhólahrepps og í Fréttablaðinu og Skessuhorni. Sigrún Kristjánsdóttir tilkynnti að hún væri að fara í fæðingarorlof í lok september. Auglýst var í hennar stöðu á Reykhólavefnum og er búið að ráða Birgittu Jónasdóttur leikskólakennara í hennar stað og hlökkum við til að fá hana í skólann okkar.

#### ***Próf og kannanir***

Kennarar höfðu frjálssar hendur með hvenær þeir voru með kannanir og próf. Flestir voru þó með slíkt í síðustu kennsluvíkunni.

#### ***Evróvisionartí 9. maí***

Líkt og síðastliðin þrjú ár var hlustað á öll lögin sem voru í sama undanriðli og Ísland. Nemendur dæmdu lögin og sögðu af eða á hvort lagið kæmist áfram.

#### ***Lestrarskimun Menntamálastofnunar 9.-13. maí***

Reykhólaskóli er einn af tilraunaskólum Menntamálastofnunar í að útbúa samræmt lestrarpróf fyrir grunnskóla landsins. Prófið var tekið í fyrsta sinn í febrúar og aftur í maí. Ef skoðaðar eru tölur á milli prófa, þá eru flestir nemendur að bæta sig. Ásta

Sjöfn og sérkennsluteymið sáu um prófatökuna með aðstoð umsjónarkennara. Ásta Sjöfn sá um skráningu og úrvinnslu.

### ***Fjölgreindarleikar 18. maí***

Síðasti skóladagurinn hefur verið kallaður Húllumhæ-dagurinn. Að þessu sinni var ákveðið að prófa að vera með fjölgreindarleika. Skipt var í 9 mismunandi stöðvar þar sem nemendur reyndu á mismunandi þætti, en þetta voru stafarugl og ljóðagerð, púsl, sudoku/ubongo, stígvéladansinn, vídeógerð, Yatzy, kindurnar okkar, sköpun og twister/ASNI. Nemendum var skipt í 9 hópa, 4-6 nemendur í hverjum hópi, og unnu þeir í 15 mínútur á hverri stöð. Í lokin var komið eitt stórt sameiginlegt verk úr sköpun sem nemendur unnu úr afgangum og puttaprjóni. Einnig komu nokkur bráðskemmtileg vídeómyndbönd. Í lokin dönsuðu allir saman stígvéladansinn.

Nemendur fóru í morgunverð og síðan var frjáls tími í útiveru í 35 mínútur.

Öllum nemendum og starfsmönnum var boðið í grillmat í skólanum og skóla lauk síðan kl. 12.30.

### ***Vorhátíð leikskólans 25. maí***

Foreldrum og systkinum var boðið á vorhátíð leikskólans. Nemendur voru búnir að æfa söng fyrir foreldra. Til sýnis voru verk sem þau hafa unnið í listasmiðjunni sem Einar og Íris Ósk hafa séð um. Allir fengu pylsu og með því. Veðrið lék við okkur.

### ***Skólaslit Reykhólaskóla***

Skólaslitin voru í Reykhólakirkju fimmtudaginn 26. maí kl. 20. Að þessu sinni voru ekki bara nemendur grunnskólans útskrifaðir heldur líka nemendur í skólahópi leikskólans. Í leikskólanum voru útskrifuð 3 börn, Bryndís Marí Ólafsdóttir, Jóhanna Iðunn Sigursteinsdóttir og Þórgunnur Ríta Gústafsdóttir. Tveir nemendur í 10. bekk voru útskrifaðir, þau Aðalbjörg Egilsdóttir og Jakob Borgar Pálsson. Aðalbjörg fékk viðurkenningu fyrir góðan árangur í dönsku. Bæði fengu þau útskriftargjöf frá skólanum, en það var matreiðslubók og eldhúsáhöld. Önnu Björgu var síðan þakkað fyrir samveruna á síðustu tveimur árum, en hún verður ekki í starfsliði skólans næsta vetur.

Síðan var foreldrum og velunnurum boðið í Reykhólaskóla þar sem sýning var á munum nemenda í textíl, myndmennt og smíði. Nemendur leikskólans voru einnig með sýningu. Ólafía og Katla höfðu síðan veg og vanda af glæsilegu kaffihlaðborði fyrir nemendur og foreldra.

### ***Starfsdagar grunnskóladeildar***

Starfsdagar kennara voru 24.-27. maí. Kennarar voru að klára að ganga frá einkunnum og kennslustofum og sinna þeim störfum sem þarf að sinna á vorin. Því miður voru þó nokkur forföll á kennurum vegna sauðburðar og annarra starfa og veikinda. Þetta mun vera endurskoðað fyrir næstu vor-starfsdaga. Kennarar og starfsmenn grunnskólans voru síðan komnir í sumarfrí 30. maí. Skólastjóri verður áfram til 1. júlí.

### ***Leikskóladeild***

Nemendum í leikskóladeild fækkaði þó nokkuð þegar akstur grunnskólabarna hætti og er útlit fyrir að nemendur verða einungis 15 í júní. Tvö börn bætast við í júní og verða nemendur því 17 í leikskólanum.

Síðasti dagur leikskólans verður 29. júní og eftir það verður einn starfsdagur. Ákveðið hefur verið að fara til Reykjavíkur og skoða þar Dalskóla, sem er samrekin leik- og grunnskóli, og fara í Krumma til að skoða allt það sem hægt er að fjárfesta í fyrir leikskólann. Leikskólinn opnar aftur 12. ágúst og verða tveir starfsdagar og tekið verður á móti nemendum 16. ágúst.

### ***Framkvæmdir við skólann***

Búið er verið að vinna í að skipta um vatnslagnir í skólanum og hefur Egill pípari verið að vinna við það. Einnig hefur verið skipt um alla vaska á vistarherbergjum og er sú vinna vonandi á lokametrinum. Einnig vantar herslumuninn að klára leikskólann.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir.

---

## 24. ÞRÓUNARVERKEFNI

---

„Skólar á grænni grein“ er alþjóðlegt verkefni með það markmið að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem vilja komast „á græna grein“ í umhverfismálum leitast við að stíga skrefin sjö sem tíunduð eru hér að neðan. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Skrefin sjö eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Verkefnin auka þekkingu nemenda og skólafólks og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skóla. Jafnframt sýnir reynslan í Evrópu að skólar sem taka þátt í verkefninu geta sparað talsvert í rekstri.

Ekki hefur náðst að vinna í grænfánaverkefninu þennan vetur, en markið er sett á að vera duglegri næsta haust. Vonandi náum við að flagga næsta vor.

Reykhólaskóli er tilraunaskóli í læsi hjá Menntamálastofnun og hafa nemendur tekið stöðupróf tvisvar í vetur og stendur til að taka fleiri næsta skólaár.

Í vetur var unnin læsisstefna fyrir Reykhólaskóla. Einnig lögð fram rýmingaráætlun vegna eldsvoða.

Skólapúlsinn var tekinn inn í skólann, þar sem viðhorf til skólans var kannað meðal foreldra og starfsmanna. Ákveðið var að vera ekki með þetta skólaárið, heldur verður stefnt að því að vera með skólaárið 2016-2017.

## 25. STUNDASKRÁR

Hér að neðan birtast stundaskrár allra bekkja og hópa skólaárið 2014-2015.

### 25.1 STUNDASKRÁ 1. OG 2. BEKKJAR

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:30-09:10	Umsjón SOR	Umsjón SOR	Myndmennt RE	Umsjón SÓR	Umsjón SOR
09:10- 09:50	Umsjón SOR	Umsjón SOR	Myndmennt RE	Íþróttir SG	Tölvur KÝI
10:00-10:40	Umsjón SÓR	Umsjón SÓR	Umsjón SÓR	Umsjón SÓR	Umsjón SOR
11:00-11:40	Íþróttir KÝI	Umsjón SÓR	Umsjón SÓR	Umsjón SÓR	Umsjón SOR
11:40-12:20	Skólasef	Enska ÁBG	Tónmennt 1.-4. SÓR	Skólasef	Umsjón SOR
12:20-12:50	<b>M</b>	<b>A</b>	<b>T</b>	<b>U</b>	<b>R</b>
12:50-13:30	Skólasef	Sund KÝI	Val	Námsver	
13:30-14:10	Skólasef	Textíl SÓR	Umsjón SÓR	Smíði RE/Heim ÁSK	
14:20-15:00	Skólasef	Textíl SÓR	Skólasef	Smíði RE/Heim ÁSK	

### 25.2 STUNDASKRÁ 3. OG 4. BEKKJAR

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:30-09:10	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI	Samf.fr. ABI	Myndmennt RE
09:10-09:50	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI/Tölvur ÁSK	Myndmennt RE
10:00-10:40	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI/Tölvur ÁSK	Umsjón KÝI
11:00-11:40	Samf.fr. ABI	Enska ÁBG	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI	Umsjón KÝI
11:40-12:20	Íþróttir KÝI	Textíl SÓR	Tónmennt 1.-4. SÓR	Íþróttir SG	Samf.fr. ABI
12:20-12:50	<b>M</b>	<b>A</b>	<b>T</b>	<b>U</b>	<b>R</b>
12:50-13:30	Skólasef	SÓR	Val	Námsver	
13:30-14:10	Skólasef	Sund KÝI	Skólasef	Smíði RE/Heim ÁSK	
14:20-15:00	Skólasef	Skólasef	Skólasef	Smíði RE/Heim ÁSK	

### 25.3 STUNDASKRÁ 5. OG 6. BEKKJAR

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:30-09:10	Umsjón ABI	Umsjón ABI	Umsjón ABI	Myndmennt RE	Umsjón ABI
09:10-09:50	Umsjón ABI	Umsjón ABI	Umsjón ABI	Myndmennt RE	Umsjón ABI
10:00-10:40	Umsjón ABI	Umsjón ABI	Umsjón ABI	Náttúrufr. SG	Umsjón ABI
11:00-11:40	Náttúrufr. SG	Sund KÝI	Smíði RE	Umsjón ABI/tölvur RE	Náttúrufr. SG
11:40-12:20	Textíl SÓR	Umsjón ABI	Smíði RE	Umsjón ABI/tölvur RE	Enska ÁBG
12:20-12:50	<b>M</b>	<b>A</b>	<b>T</b>	<b>U</b>	<b>R</b>
12:50-13:30	Textíl SÓR	Umsjón ABI	Val	Námsver	
13:30-14:10	Íþróttir KÝI	Heimilisfræði JÖE	Enska ÁBG	Íþróttir SG	
14:20-15:00	Heimanám	Heimilisfræði JÖE	Lífisleikni ABI	Enska ÁBG	

25.4 STUNDASKRÁ 7. TIL 8. BEKKJAR

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:30-09:10	Umsjón ÁBG	Umsjón ÁBG	Íþróttir SG	Umsjón ÁBG	Umsjón ÁBG
09:10-09:50	Stærðfr. SG	Stærðfr. SG	Íslenska SG	Danska ÁBG	Náttúrfr. SG
10:00-10:40	Samf.fr. SG/ABI	Umsjón ÁBG	Tölvur RE	Enska ABI	Samf.fr. SG/ABI
11:00-11:40	Danska ÁBG	Enska ABI	Enska ABI	Umsjón ÁBG	Myndmennt RE
11:40-12:20	Enska ABI	Sund KÝI	Danska ÁBG	Textíl SÓR/Lífsleikni JÖE	Myndmennt RE
12:20-12:50	<b>M</b>	<b>A</b>	<b>T</b>	<b>U</b>	<b>R</b>
12:50-13:30	Íþróttir KÝI	Samf.fr. SG/ABI	Val	Námsver	
13:30-14:10	Íslenska SG	Stærðfr. SG	Smíði RE/heim JÖE	Textíl SÓR/Lífsleikni JÖE	
14:20-15:00	Náttúrfr. SG	Náttúrfr. SG	Smíði RE/heim JÖE	Íþróttir SG	

25.5 STUNDASKRÁ 9. TIL 10. BEKKJAR

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:30-09:10	Umsjón SG	Umsjón SG	Íþróttir SG	Stærðfr. SG	Íslenska ÁBG
09:10-09:50	Stærðfr. SG	Stærðfr. SG	Íslenska SG	Enska ABI	Náttúrfr. SG
10:00-10:40	Samf.fr. SG	Tölvur SG	Stærðfr. SG	Danska ÁBG	Samf.fr. SG
11:00-11:40	Danska ÁBG	Enska ABI	Danska ÁBG	Íslenska SG	Myndmennt RE
11:40-12:20	Enska ABI	Sund KÝI	Enska ABI	Textíl SÓR/Lífsleikni JÖE	Myndmennt RE
12:20-12:50	<b>M</b>	<b>A</b>	<b>T</b>	<b>U</b>	<b>R</b>
12:50-13:30	Íþróttir KÝI	Samf.fr. SG	Val	Námsver	
13:30-14:10	Íslenska SG	Stærðfr. SG	Smíði RE/heim JÖE	Textíl SÓR/Lífsleikni JÖE	
14:20-15:00	Náttúrfr. SG	Náttúrfr. SG	Smíði RE/heim JÖE	Íþróttir SG	



## 26. NIÐURSTÖÐUR

---

Skólaárið 2015-2016 var skemmtilegt og fjölbreytt. Skólstarfið gekk nokkuð áfallalaust. Vegna fjölgunar nemenda þurftum við að bæta við starfsmönnum í leikskólanum. Starfsmenn í grunnskólanum voru þeir sömu og árið áður. Gott er fyrir svona lítinn skóla að búa að svona mikilli þekkingu. Skólahópum var fjölgað úr fjórum í fimm og var mikil samkenntsla milli 7.-8. bekkjar og 9.-10. bekkjar.

Skólinn tók þátt í tilraunaverkefni á vegum Menntamálastofnunar við að þróa lestrarskimun fyrir grunnskóla.

Reynt var að hafa uppbrotsdaga í skólanum og má þar nefna fjölgreindarleikana sem komu sérstaklega vel út. Nemendur og starfsmenn skemmtu sér konunglega.

Bókasafnið varð hluti af grunnskólanum og er það vel nýtt af nemendum og kennurum.